

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/50/07

nr. 52/1999
frá 30. apríl 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr:

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/1999 frá 26. febrúar 1999⁽¹⁾.

„- **398 D 0436:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/436/EB frá 22. júní 1998 (Stjtið. EB L 194, 10.7.1998, bls. 30),

- **398 D 0437:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/437/EB frá 30. júní 1998 (Stjtið. EB L 194, 10.7.1998, bls. 39), eins og henni var breytt með Stjtið. EB L 278, 15.10.1998, bls. 51,

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/436/EB frá 22. júní 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þakklæðingar, ofanljós, þakglugga og fylgihluti⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

- **398 D 0456:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/456/EB frá 3. júlí 1998 (Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 112),

- **398 D 0457:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/457/EB frá 3. júlí 1998 (Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 114).“

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/437/EB frá 30. júní 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar vegg- og loftklæðningu innanhúss og utan⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

2. gr:

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 98/436/EB, 98/437/EB, 98/456/EB og 98/457/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/456/EB frá 3. júlí 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar eftirspennubúnað fyrir forspennt burðarvirki⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/457/EB frá 3. júlí 1998 um prófun á einstökum brennandi hlut (EBH) sem um getur í ákvörðun 94/611/EB um framkvæmd 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

4. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

(1) Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 224.

(2) Stjtið. EB L 194, 10.7.1998, bls. 30.

(3) Stjtið. EB L 194, 10.7.1998, bls. 39.

(4) Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 112.

(5) Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 114.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. júní 1998

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þakklæðingar, ofanljós, þakglugga og fylgihlutí(*)

(tilkynnt með númeri C(1998) 1598)

(98/436/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað er í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreind í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í II. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 194, 10.7.1998, bls. 39, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

3. gr.

Í stöðlunarumboðum skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júní 1998

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Flatar og bylgjulaga þakplötur:
Þakflísar, flögusteinar, steinar og þakskífur:
Verksmiðjusamsettar plötur eða samlokuplötur:
Ofanljós:
Þakgluggar:
Múrbríkur og þakskegg:

Til allra nota nema þeirra sem eru háð reglum um brunaviðbrögð hvað varðar vörur sem eru gerðar úr efnum í flokkum (A, B, C) ^(*).

Asfaltþakþéttiefni:
Þaksteinar:
Aðgangur að þaki, gangbrautir og þrep:
Öryggiskrókar og festingar fyrir þök:
Festingar fyrir þakklæðningar:
Fylgihlutir fyrir þakklæðningar:

Til allra nota.

II. VIÐAUKI

Flatar og bylgjulaga þakplötur:
Þakflísar, flögusteinar, steinar og þakskífur:
Verksmiðjusamsettar plötur eða samlokuplötur:
Ofanljós:
Þakgluggar:
Múrbríkur og þakskegg:

Til nota sem eru háð reglum um brunaviðbrögð hvað varðar vörur sem eru gerðar úr efnum í flokkum (A, B, C) ^(*).

^(*) Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (venjulega byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna).

III. VIÐAUKI

Ath.: Vegna vara, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruflokkum, safnast verkefnið upp sem viðurkenndur aðili tekst á hendur í tengslum við viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi.

VÖRUFLOKKUR

ÞAKKLÆDNINGAR, OFANLJÓS, ÞAKGLUGGAR OG FYLGIHLUTIR (1/6)**Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (brunaþol)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Flatar og bylgjulaga þakplötur Þakflísar, flögusteinar, steinar og þakskífur Verksmiðjúsamsettar plötur eða samlokuplötur Ofanljós Þakgluggar	Til notkunar sem er háð reglum um brunaþol (t.d. brunahólfun)	Allir	3

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

VÖRUFLOKKUR

ÞAKKLÆÐNINGAR, OFANLJÓS, ÞAKGLUGGAR OG FYLGIHLUTIR (2/6)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Flatar og bylgjulaga þakplötur	Til notkunar sem er háð reglum um brunaviðbrögð	(A, B, C) (*)	1
Þakflísar, flögusteinar, steinar og þakskífur		(A, B, C) (**)	3
Verksmiðjusetttar plötur eða samlokuplötur		A (***), D, E, F	4
Ofanljós			
Þakgluggar			
Múrbríkur og þakskegg			

1. kerfi: Sjá I-lið 2. þáttar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Efni sem geta breyst með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar (venjulega byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvarnarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna).

(**) Efni sem breytast ekki með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar.

(***) Efni í flokki A sem ekki er þörf á að prófa með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt ákvörðun 96/603/EB.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

ÞAKKLÆÐNINGAR, OFANLJÓS, ÞAKGLUGGAR OG FYLGHlutir (3/6)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Flatar og bylgjulaga þakplötur Þakflísar, flögusteinar, steinar og þakskífur Verksmiðjusamsettar plötur eða samlokuplötur Asfaltþakþéttiefni Þaksteinar Ofanljós Þakgluggar Aðgangur að þaki, gangbrautir og þrep Fylgihlutir fyrir þakklæðningar	Til notkunar sem er háð reglum um nothæfi með tilliti til bruna af völdum elds utan frá	Vörur sem þarfnast prófunar Vörur sem „teljast fullnægjandi“ án prófunar (*)	3 4

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Skal staðfest að höfðu samráði við brunaeftirlitsnefnd.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

ÞAKKLÆÐNINGAR, OFANLJÓS, ÞAKGLUGGAR OG FYLGISHLUTIR (4/6)**Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Flatar og bylgjulaga þakplötur Verksmiðjusamsettar plötur eða samlokuplötur Ofanljós Þakgluggar	Til notkunar sem styrking þakburðarvirkis		3

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

ÞAKKLÆÐNINGAR, OFANLJÓS, ÞAKGLUGGAR OG FYLGIHUTIR (5/6)**Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Allar þakklæðningar, öll ofanljós, allir þakgluggar og fylgihlutir	Til notkunar sem er háð reglum um hættuleg efni (*)	—	3

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Einkum þau hættulegu efni sem eru skilgreind í tilskipun ráðsins 76/769/EBE, með áorðnum breytingum.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

ÞAKKLÆÐNINGAR, OFANLJÓS, ÞAKGLUGGAR OG FYLGIGHLUTIR (6/6)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Flatar og bylgjulaga þakplötur Þakflísar, flögusteinar, steinar og þakskífur Verksmiðjusetta plötur eða samlökuplötur Þaksteinar Múrbríkur og þakskegg Festingar fyrir þakklæðningar Fylgihlutir fyrir þakklæðningar	Til annarra nota en þeirra sem tilgreind eru í flokkum (1/6), (2/6), (3/6), (4/6), (5/6)	—	4
Aðgangur að þaki, gangbrautir og þrep Öryggiskrókar og festingar fyrir þök Asfaltþakþéttiefni Þakgluggar Ofanljós	Til annarra nota en þeirra sem tilgreind eru í flokkum (1/6), (2/6), (3/6), (4/6), (5/6)	—	3

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 30. júní 1998

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar vegg- og loftklæðningu innanhúss og utan(*)

(tilkynnt með númeri C (1998) 1611)

(98/437/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾, einkum 4. mgr. 13. gr. ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til

kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreind í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandi ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem tryggir að varan sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í II. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

3. gr.

Í stöðlunarumboðum skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt III. viðauka.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 1998

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 194, 10.7.1998, bls. 39, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls.1.

I. VIÐAUKI

Plötur ætlaðar til notkunar sem klæðning innanhúss eða utan, sem heilir byggingarhlutar, til brunavarna fyrir veggj eða loft.

Niðurlhengd loft (samstæður) til notkunar sem klæðning, innanhúss eða utan, til brunavarna fyrir loft.

Plötur ætlaðar til notkunar sem styrkingar innanhúss eða utan, í veggj og loft.

Flísar og plötur úr brotgjörnum efnum ætlaðar til notkunar sem klæðning á veggj eða loft innanhúss eða utan, háð kröfum um ráðstafanir gegn slysashættu af völdum hvassra hluta.

Niðurlhengd loft (samstæður) ætluð til notkunar sem klæðning í loft innanhúss eða utan, háð kröfum um öryggi við notkun.

Flísar og plötur ætlaðar til notkunar í niðurlhengd loft innanhúss eða utan, háð kröfum um öryggi við notkun.

Sérmótuð þversnið (prófilar) og hengirammur, ætluð til að bera uppi klæðningu á veggjum eða loftum innanhúss eða utan og niðurlhengd loft, háð kröfum um öryggi við notkun.

Veggfóður í rúllum og loftklæðning úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾, C ⁽¹⁾, A (án prófunar), D, E og F, ætluð til notkunar sem klæðning á veggj og loft innanhúss háð reglum um brunaviðbrögð.

Þakskífur og klæðningarplötur úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾, C ⁽¹⁾, A (án prófunar), D, E og F, ætlaðar til notkunar sem klæðning á veggj og loft utanhúss háð reglum um brunaviðbrögð.

Niðurlhengd loft (samstæður) með íhlutum úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾, C ⁽¹⁾, A (án prófunar), D, E og F, ætluð til notkunar sem klæðning í loft innanhúss eða utanhúss háð reglum um brunaviðbrögð.

Flísar, utanhússklæðning og plötur úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾, C ⁽¹⁾, A (án prófunar), D, E og F, ætlaðar til notkunar sem klæðning á veggj og loft innanhúss eða utan háð reglum um brunaviðbrögð.

Sérmótuð þversnið (prófilar) og hengirammur úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾, C ⁽¹⁾, A (án prófunar), D, E og F ætluð til að bera uppi klæðningu á veggjum eða loftum innanhúss eða utan eða niðurlhengd loft háð reglum um brunaviðbrögð.

Niðurlhengd loft (samstæður) ætluð til notkunar sem klæðning í loft innanhúss eða utan háð reglum um hættuleg efni ⁽²⁾.

Flísar, þakskífur, útveggjaklæðning, klæðningarplötur og plötur til notkunar sem klæðning á veggj eða loft innanhúss eða utan háð reglum um hættuleg efni ⁽²⁾.

Niðurlhengd loft (samstæður) ætluð til notkunar sem klæðning á veggj og loft innanhúss eða utan til annarra nota sem getið er í umboðinu ⁽³⁾.

Veggfóður í rúllum, loftklæðning, flísar, þakskífur, útveggjaklæðning, klæðningarplötur og plötur ætlaðar til notkunar sem klæðning á veggj og loft innanhúss eða utan til annarra nota sem getið er í umboðinu ⁽³⁾.

Sérmótuð þversnið (prófilar) og hengirammur, ætluð til að bera uppi klæðningu á veggjum eða loftum innanhúss eða utan, eða niðurlhengd loft, til annarra nota sem getið er í umboðinu ⁽³⁾.

⁽¹⁾ Efni sem breytast ekki með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar.

⁽²⁾ Einkum þau hættulegu efni sem skilgreind eru í tilskipun ráðsins 76/769/EBE, með áorðnum breytingum.

⁽³⁾ Önnur áformuð not sem umboðið tekur til eru: vatnsgufuvörn, vatnsagavörn, hávaðavörn (hljóðeinangrun) og hitaeinangrun.

II. VIÐAUKI

Veggfóður í rúllum, loftklæðningar og flísar úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾ og C ⁽¹⁾, ætluð til notkunar sem klæðning á veggjum eða loft innanhúss sem falla undir reglur um brunaviðbrögð.

Þakskífur og klæðningarplötur úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾ og C ⁽¹⁾, ætluð til notkunar sem klæðning á veggjum eða loft utanhúss sem falla undir reglur um brunaviðbrögð.

Niðurlengd loft (samstæður) með íhlutum úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾, C ⁽¹⁾, ætluð til notkunar sem klæðning í loft innahúss eða utanhúss sem falla undir reglur um brunaviðbrögð.

Flísar, utanhúsklæðningar og plötur úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾ og C ⁽¹⁾ ætluð til notkunar sem klæðning á veggjum eða loft innahúss eða utanhúss sem falla undir reglur um brunaviðbrögð.

Sérmótuð þversnið (prófilar) og hengiramar úr efnum í flokkum A ⁽¹⁾, B ⁽¹⁾ og C ⁽¹⁾, ætluð til að bera uppi klæðningu á veggjum eða loftum innahúss eða utan eða niðurlengd loft sem falla undir reglur um brunaviðbrögð.

⁽¹⁾ Efni sem breytast með tilliti til viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar

III. VIÐAUKI

Ath.: Vegna vara, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruflokkum, safnast verkefnið upp sem viðurkenndur aðili tekst á hendur í tengslum við viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi.

VÖRUFLOKKUR

VEGG - OG LOFT KLÆÐNING INNANHÚSS OG UTAN (1/5)

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (brunaþol)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Plötur	Til notkunar sem klæðning innanhúss eða utan, heilir byggingarhlutar til brunavarna fyrir vegg eða loft	Allir	3
Niðurlagd loft (samstæður)	Til notkunar sem klæðning, innanhúss eða utan til brunavarna fyrir loft	Allir	

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu beita við gerð forskrifa fyrir kerfi til staðfestingar á samræmi

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

VÖRUFLOKKUR

VEGG- OG LOFTKLÆÐNING INNHÚSS OG UTAN (2/5)

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Plötur	Til styrkingar innanhúss eða utan, í vegg og loft.	—	3
Flísar Plötur (úr brotgjörnum efnum)	Sem klæðning innanhúss eða utan í vegg og loft, háð kröfum um ráðstafanir gegn slysashættu af völdum hvassra hluta		
Niðr hengd loft (samstæður)	Sem klæðning í loft innanhúss eða utan, háð kröfum um öryggi við notkun		
Flísar Plötur	Í niðr hengd loft innanhúss eða utan, háð kröfum um öryggi við notkun		
Sérmótuð þversnið (prófilar) Hengirammur	Að bera uppi klæðningu á veggjum eða loftum innanhúss eða utan og niðr hengd loft, háð kröfum um öryggi við notkun		

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu beita við gerð forskrifta fyrir kerfi til staðfestingar á samræmi

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölnum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

VEGG- OG LOFTKLÆÐNING INNAHÚSS OG UTAN (3/5)

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Veggfóður í rúllum Loftklæðningar	Sem klæðning innanhúss í vegg eða loft háð reglum um brunaviðbrögð	A (*), B (*) og C (*)	1
Þakskífur Klæðningarpötur	Sem klæðning utanhúss í vegg eða loft háð reglum um brunaviðbrögð		
Niðurlöng loft (samstæður)	Sem klæðning í loft innanhúss eða utan háð reglum um brunaviðbrögð	A (**), B (**), og C (**)	3
Flísar Útveggjaklæðningar Plötur	Sem klæðning í vegg eða loft innanhúss eða utan háð reglum um brunaviðbrögð		
Sérmótuð þversnið (prófilar) Hengirrammar	Að bera uppi klæðningu á veggjum eða loftum innanhúss eða utan, og niðurlöng loft, háð reglum um brunaviðbrögð	A (án prófunar), D, E og F	4

1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

([↓]) Hvað varðar viðbrögð við bruna vísast til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB.

(*) Efni sem geta breyst með tilliti viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar.

(**) Efni sem breytast ekki með tilliti viðbragða við bruna á meðan á framleiðsluferlinu stendur hvað nothæfi varðar.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu beita við gerð forskrifa fyrir kerfi til staðfestingar á samræmi

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjöllum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

VEGG- OG LOFTKLÆÐNING INNHÚSS OG UTAN (4/5)

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Niðurbætt loft (samstæður)	Sem klæðning innanhúss eða utan í vegg eða loft, háð reglum um hættuleg efni (*)	—	3
Flísar Þakskífur Útveggjaklæðning Klæðningarplötur Plötur	Sem klæðning innanhúss eða utan, í vegg eða loft eftir atvikum, sem heyrir undir reglum um hættuleg efni (*)		

3. kerfi: Sjá annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Einkum þau hættulegu efni sem eru skilgreind í tilskipun ráðsins 76/769/EBE, með áorðnum breytingum.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu beita við gerð forskrifa fyrir kerfi til staðfestingar á samræmi

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

VÖRUFLOKKUR

VEGG- OG LOFTKLÆÐNING INNANHÚSS OG UTAN (5/5)

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Staðlasamtök Evrópu/Rafstaðlasamtök Evrópu (CEN/CENELEC) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum stöðlum fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Niðurlengt loft (samstæður)	Sem klæðning í loft innanhúss eða utan, til annarra nota sem getið er í umboðinu ⁽¹⁾		
Veggfóður í rúllum Loftklæðningar Flísar Þakskífur Útveggjaklæðning Klæðningarplötur Plötur	Sem klæðning í loft innanhúss eða utan, til annarra nota sem getið er í umboðinu ⁽¹⁾	—	4
Sérmótuð þversnið (prófilar) Hengiramar	Að bera uppi klæðningu á veggjum eða loftum innanhúss eða utan, eða niðurlengt loft, til annarra nota sem getið er í umboðinu ⁽¹⁾		

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

⁽¹⁾ Önnur áformuð not sem umboðið tekur til eru: vatnsgufuvörn, vatnsagavörn, hávaðavörn (hljóðeinangrun) og hitaeinangrun.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu beita við gerð forskrifa fyrir kerfi til staðfestingar á samræmi

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. júlí 1998

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar eftirspennubúnað fyrir forspennt burðarvirki(*)*(tilkynnt með númeri C (1998) 1506)*

(98/456/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾, einkum 4. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina á hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka,

og aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í I. viðauka með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

2. gr.

Í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt II. viðauka.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júlí 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjótíð. EB L 201, 17.7.1998, bls. 112, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjótíð. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjótíð. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Eftirspennubúnaður fyrir forspennt burðarvirki

II. VIÐAUKI

VÖRUFLOKKUR

EFTIRSPENNUBÚNAÐUR FYRIR FORSPENNT BURÐARVIRKI

1. Kerfi til staðfestingar á samræmi

Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Eftirspennubúnaður	Fyrir forspennt burðarvirki	—	1 +

Kerfi 1 +: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE með úttektarprófun á sýnum.

2. Skilyrði sem Evrópusamtök um tæknisamþykki beita við gerð forskrifa fyrir kerfi til staðfestingar á samræmi

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3. í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. júlí 1998

um prófun á einstökum brennandi hlut (EBH) sem um getur í ákvörðun 94/611/EB um framkvæmd 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur(*)

(tilkynnt með númeri C(1998) 1743)

(98/457/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾, einkum 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þar eð prófunaraðferðir og flokkunarkerfi aðildarríkjanna, með tilliti til viðbragða við bruna, eru mismunandi er samhæfing því aðeins möguleg að samþykkt sé eitt sameiginlegt flokkunarkerfi, byggt á umsömdum prófunaraðferðum sem nota skal í gervöllu bandalaginu.

Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 89/106/EBE segir að til að mið sé tekið af ólíkum kröfum um vernd byggingarframkvæmda kunnir að vera ástæða til að skipta hverri grunnkröfu í flokka.

Í lið 4.3.1.1 í grunnskjali nr. 2, sem fylgir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar varðandi grunnskjal tilskipunar ráðsins 89/106/EBE⁽³⁾, segir að til að hægt sé að meta byggingarvörur með hliðsjón af viðbrögðum þeirra við bruna verði þróuð samhæfð lausn sem felur í sér allsherjar- eða hlutaprófanir sem samsvara raunverulegum bruna- aðstæðum;

Þessi samhæfða lausn er hluti af flokkunarkerfi sem var tekið upp með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB⁽⁴⁾.

Í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 94/611/EB er vísað til prófunaraðferðar þar sem um einstakan brennandi hlut er að ræða (EBH) en hennar er krafist þegar prófaðar eru byggingarvörur fyrir vegg og loft, þar með talin yfirborðs- klæðning, byggingareiningar, byggingarvörur sem eru felldar inn í byggingareiningar, íhlutir fyrir pípulagnir og rásir og byggingarvörur fyrir klæðningu/útveggi í flokkum B, C eða D.

Ef búnaður, sem notaður er vegna prófunar á viðbrögðum við bruna, er mismunandi getur það leitt til mismunandi prófunarmiðurstæðna. Til þess að tryggja sambærilegar niðurstöður prófana í gervöllu bandalaginu því er nauðsynlegt að skilgreina eina sameiginlega tilhögun EBH-búnaðarins.

Skilgreining sameiginlegrar tilhögunar EBH-búnaðarins byggist á rannsókn sem framkvæmd var á vegum framkvæmdastjórnarinnar af opinberum samstarfshópi rannsóknarstofa sem athugaði hversu vel mismunandi tilhögun EBH-búnaðarins stóðst kröfur um prófun á viðbrögðum við bruna sem kveðið er á um í ákvörðun 94/611/EB og mælti með nothæfustutilhöguninni.

Tilhögunin, sem fyrir valinu varð, hefur verið tekin til athugunar í sameiginlegri prófunaráætlun rannsóknarstofa sem nær yfir fjölbreytilegt svið byggingarefna.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Prófun á einstökum brennandi hlut (EBH) í rými, sem vísað er til í töflu 1 í viðaukanum við ákvörðun 94/611/EB, skal, að því er varðar flokkun byggingarvara með hliðsjón af viðbrögðum við bruna, vera í samræmi við þá tilhögun sem tilgreind er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júlí 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 114, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 62, 28. 2. 1994, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 241, 16. 9. 1994, bls. 25.

VIÐAUKI

TILHÖGUN EBH-PRÓFUNAR

1. Almenn

EBH-prófunaraðstöðunni skal lýst í smáatriðum í væntanlegum Evrópustaðli.

EBH-prófunaraðstaðan í heild sinni (þ.m.t. rýmið umhverfis hana) skal vera sú sama í öllum tilvikum, háð öllum leyfilegum frávikum (t.d. hvað varðar vikmörk) sem koma skulu fram í Evrópustaðlinum.

2. Meginregla prófunarinnar

Logi er látinn leika um sýnishorn sem samanstendur af tveimur lóðréttum vængjum sem mynda rétt horn sín á milli en loginn er úr brennara sem komið er fyrir neðst í horninu. Loginn myndast við bruna própan-gass sem dælt er í gegnum sandkassa.

Eftir að kviknar á brennarannum eru eftirfarandi færðar varðandi brunuferli sýnishornanna skráðar: íkvikunarhraði, útbreiðsluhraði loga, hraði hitalosunar, hraði reykmyndunar, logandi dropar og/eða agnir.

3. Prófunaraðstaða

EBH-prófunaraðstaðan samanstendur af prófunarrými, EBH-búnaðinum (prófunarvagni, grind, brennara, skermi, gleypi og slöngu), própanveitukerfi, reykútblásturskerfi og almennum búnaði til mælinga.

Nákvæm forskrift og tilhögun prófunaraðstöðunnar verða skilgreindar í væntanlegum Evrópustaðli sem um er getið í 1. lið. Helstu íhlutir þeirra verða sem hér segir:

3.1. EBH-prófunarrými

- Innanmál:
 - hæð $2,4 \pm 0,1$ m (efsti hluti grindar),
 - gólfhlötur $3,0 \pm 0,6$ m á hvorn veg,
- gluggar: gluggar á veggjunum tveim sem snúa að framhlið tveggja hornrétttra flata sýnishornsins,
- einn veggur með opi fyrir prófunarvagn; fjarlægðin milli prófunarvagns og hliðarveggja $\geq 0,5$ m,
- þegar prófunarvagninn er kominn á sinn stað skulu opin á prófunarrýminu, að frátöldu loftinntakinu neðst í vagninum og reykútblástursopinu undir skerminum, ekki vera stærri en $0,05 \text{ m}^2$.

3.2. EBH-búnaður

EBH-búnaðurinn samanstendur af:

- a) vagni sem tveimur sýnishornum, sem mynda rétt horn sín á milli og standa lóðrétt upp, er komið fyrir á með aðal-sandkassabrennarann neðst í horninu milli sýnishornanna; vagninum er komið þannig fyrir að aftari hlið hans lokar opinu á vegg prófunarrýmisins; loftinntakið í gólfi vagnsins er útbúið með götuðum plötum til að jafna streymi um gólf prófunarrýmisins;
- b) fastri grind sem vagninum er ýtt inn í og ber uppi skerminn; aukabrennarinn er fastur við grindina;
- c) skermi ofan á grindinni sem gleypir brunaloftið;
- d) gleypi ofan á skerminum með láréttu úttaki fyrir útblástursloft; þynnurnar neðst í gleypinum koma í veg fyrir að loftstreymið undir skerminum verði ósamhverft;
- e) mælirör með ákveðin mál og ákveðna lög.

Tækjabúnaðurinn á að geta rúmað sýnishorn sem eru allt að 200 mm að þykkt.

3.3. Brenningar og prófan-veitukerfi

- a) Í EBH-tækjabúnaðinum eru tveir eins sandkassabrenningar, annar er í botnplötu prófunarvagnsins, hinn er fastur við stöng í grindinni og eru þeir í samræmi við eftirfarandi forskriftir:
- lögun: réttthyrndur þríhyrningur (séð að ofan) með tveimur jöfnum 250 mm hliðum, hæðin er 80 mm, botninn er lokaður ef frá er talinn 1/2" rörtengill við þyngdarpunktinn, opinn að ofan; vikmörk ± 2 mm,
 - kassi úr 1, 5 mm stáli (ryðfríu), botninn þakinn með 60 mm lagi af mól (kornastærð 4 til 8 mm) og þar ofan á kemur 20 mm þykkt lag af „sandi“ (2 til 4 mm); málmgrísur eiga að halda lögunum tveimur stöðugum og koma í veg fyrir að mól berist í gasleiðsluinnstunguna; vikmörk þykktar ± 2 mm,
 - staðsetningar:
 - aðalbrennarinum er komið fyrir á bakkanum og hann tengdur við U-laga málmplötu neðan við staðsetningu sýnishornsins,
 - aukabrennarinn er festur við stöng í grindinni andspænis horninu sem sýnin mynda þannig að efsti hluti brennarans er í $1\,450 \pm 5$ mm hæð yfir gólfinu (lóðrétt fjarlægð að skerminum er 1 000 mm), hornalína hans skal vera samsíða og næst hornalínu aðalbrennarans og 45 gráðu horn hans 700 ± 5 mm frá staðsetningu sýnishornsins;
- b) hlíf úr skilgreindu efni og með ákveðna lögun verndar sýnishornin gegn hitastreyminu frá lögunum úr aukabrennarinum;
- c) brennararnir þurfa að vera búnir kveikjubúnaði, t.d. kveikiloga eða glóþræði;
- d) própanið skal vera 95 % hreint eða hreinna. Própaninu er veitt gegnum tæki sem stýrir massaflæði og uppfyllir ákveðnar kröfur.

3.4. Reykútblásturskerfi

Reykútblásturskerfið þarf að uppfylla ákveðnar kröfur sem tilgreindar verða í væntanlegum Evrópustaðli sem um er getið í 1. lið.

3.5. Almennur mælibúnaður

Nánar verður kveðið á um gerð, notagildi og staðsetningu mælibúnaðarins í væntanlegum Evrópustaðli sem um er getið í 1. lið.

4. Prófunarsýnishorn

„Sýnishornið“ samanstendur af tveimur vængjum og er annar vængurinn kallaður langur vængur en hinn stuttur eftir atvikum.

Mál sýnishorna úr plötum og stökum byggingavörum skulu vera sem hér segir :

- a) stuttur vængur: 495 ± 5 mm \times $1\,500$ mm ± 5 mm;
- b) langur vængur: $1\,000$ mm ± 5 mm \times $1\,500$ mm ± 5 mm.

Útvega skal sýnishorn af öðrum vörutegundum eins og köpplum, pípum, rásum, slöngum og einangrunarefnum sem eru laus í sér og þeim komið þannig fyrir að það endurspegli dæmigerð notkunarskilyrði en þessu verður ítarlega lýst í væntanlegum Evrópustaðli.

Eftir því sem við á skal festa vöruna við undirlag á þann hátt að það endurspegli dæmigerð og raunveruleg notkunarskilyrði. Undirlagið og aðferðin við að festa vörurnar verða tilgreind í væntanlegum Evrópustaðli.

Varan skal fest við bakklæðningu af tiltekinni gerð og hún formedhöndluð í samræmi við ákvæði væntanlegs Evrópustaðals.

Sýnishorninu með áföstu vængjunum skal komið fyrir lóðrétt á vagninum og vængirnir merktir með láréttum og lóðréttum strikum. Gerð verður grein fyrir þessum aðferðum í væntanlegum Evrópustaðli.

5. Prófunaraðferð

Gerð verður ítarleg grein fyrir prófunaraðferðinni, þ.m.t. kvörðun, samsetningaraðferð, notkunar-
skilyrðum og færðbreytum sem mæla skal, í væntanlegum Evrópustaðli.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/50/08

nr. 53/1999
frá 30. apríl 1999

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/98 frá 1. desember 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr:

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„16b. **398 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtið. EB L 166, 11.16.1998, bls. 45).“

2. gr:

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbato

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.2000, bls. 116.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/26/EB

frá 19. maí 1998

um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Peningamálastofnunar Evrópu ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í Lamfalussy-skýrslunni frá 1990 til seðlabankastjóra tíu helstu iðnríkja heims (G-10 hópsins) var bent á umtalsverða kerfisbundna áhættu sem er fólgin í greiðslukerfum sem eru starfrækt á grundvelli ýmissa löglegra gerða greiðslujöfnunar, einkum á þetta við um marghliða greiðslujöfnun. Það er gífurlega mikilvægt að dregið sé úr lagalegri áhættu sem tengist þátttöku í rauntíma-brúttóuppgjörskerfum þegar vaxandi útbreiðsla þessara kerfa er höfð í huga.
- 2) Það er einnig afar mikilvægt að dregið verði úr áhættu samfara þátttöku í uppgjörskerfum fyrir verðbréf, einkum þegar nán tengsl eru á milli slíkra kerfa og greiðslukerfa.
- 3) Markmiðið með þessari tilskipun er að stuðla að skilvirkum og kostnaðarhagkvæmum rekstri greiðslukerfa og uppgjörskerfa fyrir verðbréf yfir landamæri í bandalaginu og styrkja þar með frjálst fjármagnsflæði á innri markaðinum. Með þessari tilskipun er fylgt eftir þeim framfaraskrefum sem hafa orðið í að koma innri markaðinum á, einkum hvað varðar frelsi til að veita

þjónustu og aukið frelsi í fjármagnsflutningum, með það í huga að gera efnahags- og myntbandalagið að veruleika.

- 4) Æskilegt er að í lögum aðildarríkjanna sé leitast við að draga úr þeirri kerfisröskun sem verður gjaldþrotameðferð er hafin gagnvart einum þátttakanda í kerfinu.
- 5) Tillaga að tilskipun um endurskipulagningu og slit lánastofnana, sem var lögð fram á árinu 1985 og breytt 8. febrúar 1988, bíður enn afgreiðslu hjá ráðinu. Í samningnum um gjaldþrotameðferð, sem aðildarríkin er komu saman á vegum ráðsins gerðu 23. nóvember 1995, eru váttryggingafélög, lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki klárlega undanskilin.
- 6) Þessari tilskipun er ætlað að taka til bæði innlendra greiðslukerfa og uppgjörskerfa fyrir verðbréf og þeirra sem ná yfir landamæri. Tilskipunin gildir um bandalagskerfi og veðtryggingar sem þátttakendur ákveða, hvort heldur sem þeir eru úr bandalaginu eða frá þriðja landi, í tengslum við þátttöku í þessum kerfum.
- 7) Aðildarríkin geta látið ákvæði þessarar tilskipunar gilda um innlendar stofnanir sem taka beinan þátt í kerfum þriðju landa og um veðtryggingar sem eru settar í tengslum við þátttöku í þessum kerfum.
- 8) Aðildarríkjnum ætti að vera heimilt að tilnefna kerfi sem kerfi í skilningi þessarar tilskipunar, enda sé uppgjör verðbréfa eitt meginviðfangsefni þess jafnvel þó að kerfið sé í takmörkuðum mæli einnig notað fyrir afleidd vöruskuldaskjöl.
- 9) Minnkun kerfisbundinnar áhættu er fyrst og fremst undir því komin að uppgjórið sé endanlegt og að hægt sé að krefjast fullnustu veðtrygginga. Með veðtryggingum er átt við allar eignir sem þátttakandi afhendir öðrum þátttakendum í greiðslukerfinu og/eða uppgjörskerfinu fyrir verðbréf til að tryggja réttindi og skyldur í tengslum við það kerfi, að meðtöldum endurkaupsamningum, lögveðum og óveðtryggðum yfirfærslum. Skilgreiningin á veðtryggingum í þessari tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði í innlendum lögum um hvaða veðtryggingar megi nota.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stj. tíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/99 frá 30. apríl 1999 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB C 207, 18. 7. 1996, bls. 13 og Stj. tíð. EB C 259, 26. 8. 1997, bls. 6.

⁽²⁾ Álit var skilað 21. nóvember 1996.

⁽³⁾ Stj. tíð. EB C 56, 24. 2. 1997, bls. 1.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 9. apríl 1997 (Stj. tíð. EB C 132, 28. 4. 1997, bls. 74), sameiginleg afstaða ráðsins frá 13. október 1997 (Stj. tíð. EB C 375, 10. 12. 1997, bls. 34) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 29. janúar 1998 (Stj. tíð. EB C 56, 23. 2. 1998). Ákvörðun ráðsins frá 27. apríl 1998.

- 10) Með því að taka til veðtrygginga, sem eru veittar í tengslum við aðgerðir seðlabanka aðildarríkjanna sem þeir framkvæma í krafti stöðu sinnar, að meðtöldum stefnumótandi aðgerðum á sviði fjármála, styður þessi tilskipun Peningamálastofnun Evrópu í þeirri viðleitni hennar að stuðla að skilvirkari greiðslum yfir landamæri með það í huga að undirbúa þriðja stig efnahags- og myntbandalagsins og stuðlar þannig að því að skapa nauðsynlegan lagaramma fyrir framtíðarstefnu Seðlabanka Evrópu.
- 11) Greiðslufyrirmæli og greiðslujöfnun þeirra á að hafa réttaráhrif alls staðar í lögsögu aðildarríkjanna og vera bindandi fyrir þriðju aðila.
- 12) Reglur um endanlega greiðslujöfnun ættu ekki að koma í veg fyrir að kerfi kanni, áður en greiðslujöfnun á sér stað, hvort fyrirmæli, sem eru komin inn í kerfið, samræmist reglum þess kerfis og heimili kerfinu að láta uppgjörð fara fram.
- 13) Ekkert í þessari tilskipun ætti að koma í veg fyrir að þátttakandi eða þriðji aðili neyti réttar eða geri kröfu, sem rekja má til undirliggjandi viðskipta, sem þeir kunna að hafa samkvæmt lögum til að láta endurvinna eða endurheimta greiðslufyrirmæli sem eru komin inn í kerfi, til dæmis þegar um svik eða tæknileg mistök er að ræða, svo fremi að þetta leiði hvorki til þess að hætt sé við lúkningu greiðslujöfnunar né til afturköllunar á greiðslufyrirmælunum í kerfinu.
- 14) Nauðsynlegt er að tryggja að ekki sé hægt að afturkalla greiðslufyrirmæli eftir ákveðið tímamark sem er skilgreint í reglum kerfisins.
- 15) Nauðsynlegt er að aðildarríki tilkynni strax hinum aðildarríkjunum þegar gjaldþrotameðferð hefst gagnvart þátttakanda í kerfinu.
- 16) Gjaldþrotameðferð ætti ekki að hafa afturvirk áhrif á réttindi og skyldur þátttakanda í kerfinu.
- 17) Komi til gjaldþrotameðferðar gagnvart þátttakanda í kerfi er markmiðið með þessari tilskipun jafnframt að ákvarða hvaða gjaldþrotalög gildi um réttindi og skyldur þess þátttakanda í tengslum við þátttöku hans í kerfinu.
- 18) Verja ber veðtryggingar gegn áhrifum gjaldþrotalaga sem gilda um gjaldþrota þátttakanda.
- 19) Ákvæði 2. mgr. 9. gr. ættu aðeins að gilda um skrá, reikning eða miðlægt vörslukerfi þar sem eignarréttur yfir viðkomandi verðbréfum kemur skýrt fram eða réttur til að fá þau afhent eða yfirfærð.
- 20) Ákvæðum 2. mgr. 9. gr. er ætlað að tryggja að ef þátttakandi, seðlabanki aðildarríkis eða tilvonandi Seðlabanki Evrópu hefur gildar og traustar veðtryggingar, eins og kveðið er á um í lögum aðildarríkisins þar sem viðkomandi skrá, reikningur eða miðlægt vörslukerfi er staðsett, þá beri alfarið að úrskurða um gildi viðkomandi veðtrygginga, og að hve miklu leyti kerfið (og rekstraraðili þess) og hver sú persóna, sem beint eða óbeint leggur fram kröfu í gegnum kerfið, getur krafist fullnustu veðtrygginga gagnvart því, samkvæmt lögum þess aðildarríkis.
- 21) Ákvæðum 2. mgr. 9. gr. er ekki ætlað að hafa áhrif á beitingu og réttaráhrif laga þess aðildarríkis, sem verðbréfin hafa verið gefin út í, eða laga aðildarríkisins þar sem verðbréfin kunna annars að vera geymd (að meðtöldum, án takmarkana, lögum varðandi útgáfu, eignarhald eða yfirfærslu verðbréfa eða réttinda í tengslum við slík verðbréf) og ætti ekki að túlka á þann veg að bein fullnustukrafa fylgi slíkum veðtryggingum eða að unnt sé að viðurkenna þær í viðkomandi aðildarríki öðru vísi en í samræmi við lög þess aðildarríkis.
- 22) Æskilegt er að aðildarríkin leitist við að koma á fullnægjandi tengingum milli allra uppgjörskerfa fyrir verðbréf, sem falla undir þessa tilskipun, með það í huga að auka hámarksgagnsæi og réttaröryggi í viðskiptum sem tengjast verðbréfum.
- 23) Framangreindum markmiðum verður best náð með því að samþykkja þessa tilskipun enda er ekki gengið lengra í henni en nauðsynlegt er í þessu samhengi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

I. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda um:

- a) hvert það kerfi sem er skilgreint í a-lið 2. gr. og fellur undir lög aðildarríkis og vinnur með hvers kyns gjaldmiðla, hvort heldur sem er eður eða aðra gjaldmiðla sem kerfið umreiknar sambandið á milli;

- b) þátttakendur í slíku kerfi;
- c) veðtryggingar sem eru lagðar fram í tengslum við:
- þátttöku í kerfi, eða
 - aðgerðir seðlabanka aðildarríkjanna sem þeir framkvæma í krafti stöðu sinnar.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „kerfi“: formlegt fyrirkomulag:

- milli þriggja eða fleiri þátttakenda, þó eru ekki taldir með hugsanlegir uppgjörsaðilar eða milligönguaðilar, hugsanleg greiðslujöfnunarstöð eða hugsanlegur óbeinn þátttakandi, sem byggir á sameiginlegum reglum og stöðluðu fyrirkomulagi við framkvæmd greiðslufyrirmæla milli þátttakenda,
- sem fellur undir lög aðildarríkis, sem þátttakendurnir hafa valið; þátttakendurnir mega þó einungis velja lög aðildarríkis ef minnst einn þeirra hefur aðalskrifstofu sína þar, og
- sem, með fyrirvara um önnur strangari skilyrði almenns eðlis sem mælt er fyrir um í innlendum lögum, er tilnefnt sem kerfi og aðildarríkið, sem það fellur undir lög hjá, tilkynnir framkvæmdastjórninni um eftir að það aðildarríki hefur gengið úr skugga um að reglur kerfisins séu fullnægjandi.

Með fyrirvara um skilyrðin í fyrstu undirgreininni getur aðildarríki tilnefnt sem kerfi tiltekið formlegt fyrirkomulag, sem er rekið til að framkvæma greiðslufyrirmæli eins og skilgreint er í öðrum undirlið i-liðar og framkvæmir í takmörkuðum mæli fyrirmæli sem tengjast öðrum fjárhagsgerningum enda telji aðildarríkið að slík tilnefning sé réttlæt看leg með tilliti til kerfisbundinnar áhættu.

Aðildarríki getur einnig í ákveðnum tilvikum tilnefnt sem kerfi formlegt fyrirkomulag milli tveggja þátttakenda, þó eru ekki taldir með hugsanlegir uppgjörsaðilar eða milligönguaðilar, hugsanleg greiðslujöfnunarstöð eða hugsanlegur óbeinn þátttakandi enda telji aðildarríkið að slík tilnefning sé réttlæt看leg með tilliti til kerfisbundinnar áhættu;

- b) „stofnun“:

- lánastofnun samkvæmt skilgreiningunni í fyrsta undirlið 1. gr. tilskipunar 77/780/EBE ⁽¹⁾, að meðtöldum stofnunum sem eru taldar upp í 2. mgr. 2. gr. umræddrar tilskipunar, eða

- fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 2. tölul. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE ⁽²⁾, að undanskildum stofnunum sem eru taldar upp í a- til-lið 2. mgr. 2. gr. umræddrar tilskipunar, eða

- stjórnvöld og fyrirtæki með ríkisábyrgð, eða

- fyrirtæki sem er með aðalskrifstofu utan bandalagsins og annast sams konar starfsemi og lánastofnanir bandalagsins eða fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í fyrsta og öðrum undirlið,

sem tekur þátt í kerfi og ber ábyrgð á að sinna fjárhags-skuldbindingum sem leiðir af greiðslufyrirmælum innan þess kerfis.

Ef kerfi lýtur eftirliti í samræmi við innlenda löggjöf og framkvæmir einungis greiðslufyrirmæli samkvæmt skilgreiningunni í öðrum undirlið i-liðar, auk þess að annast greiðslur sem leiðir af slíkum fyrirmælum, getur aðildarríki ákveðið að líta megi á fyrirtæki, sem taka þátt í slíku kerfi og sem bera ábyrgð á að sinna fjárhags-skuldbindingum sem leiðir af greiðslufyrirmælum innan þessa kerfis, sem stofnun, að því tilskildu að minnst þrjár þátttakendur þessa kerfis falli undir flokkana sem um getur í fyrstu undirgrein og að slík ákvörðun sé réttlæt看leg með tilliti til kerfisbundinnar áhættu;

- c) „milligönguaðili“: aðili sem hefur milligöngu milli stofnana í kerfi og hefur einkarétt á að starfa sem milligönguaðili þessara stofnana með tilliti til greiðslufyrirmæla þeirra;
- d) „uppgjörsaðili“: aðili sem hefur til reiðu fyrir stofnanir og/eða milligönguaðila, sem taka þátt í kerfum, uppgjörsreikninga, sem eru notaðir til að gera upp greiðslufyrirmæli innan slíkra kerfa, og veitir eftir atvikum þessum stofnunum og/eða milligönguaðilum lán í uppgjörrsskyni;
- e) „greiðslujöfnunarstöð“: aðili sem ber ábyrgð á útreikningum á nettóstöðu stofnana, hugsanlegs milligönguaðila og/eða uppgjörsaðila;
- f) „þátttakandi“: stofnun, milligönguaðili, uppgjörsaðili eða greiðslujöfnunarstöð.

Samkvæmt reglum kerfisins getur sami aðili gegnt hlutverki milligönguaðila, uppgjörsaðila eða greiðslujöfnunarstöðvar eða annast hluta þessara verkefna eða þau öll.

⁽¹⁾ Fyrsta tilskipun ráðsins 77/780/EBE frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtið. EB L 322, 17. 12. 1977, bls. 30). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/13/EB (Stjtið. EB L 66, 16. 3. 1996, bls. 15).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbrefaviðskipta (Stjtið. EB L 141, 11. 6. 1993, bls. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/9/EB (Stjtið. EB L 84, 26. 3. 1997, bls. 22).

Aðildarríki getur ákveðið að hægt sé að líta á óbeinan þátttakanda sem þátttakanda við beitingu þessarar tilskipunar ef það er réttlæt看legt með tilliti til kerfisbundinnar áhættu og að því tilskildu að óbeini þátttakandinn sé þekktur í kerfinu;

g) „óbeinn þátttakandi“: lánastofnun, samkvæmt skilgreiningu í fyrsta undirliði b-liðar, sem hefur gert samning við stofnun sem tekur þátt í kerfi sem framkvæmir greiðslufyrirmæli í skilningi fyrsta undirliðar i-liðar og gerir lánastofnuninni fært að senda greiðslufyrirmæli í gegnum kerfið;

h) „verðbréf“: allir gerningar sem um getur í B-þætti viðaukans við tilskipun 93/22/EBE;

i) „greiðslufyrirmæli“:

— sérhver fyrirmæli þátttakanda um að móttakandi hafi aðgang að fjármunum með því að leggja með reikningsfærslu tiltekna fjárhæð inn á reikning lánastofnunar, seðlabanka eða uppgjörsaðila, eða sérhver fyrirmæli sem skuldbinda hann eða leysa hann undan skyldu til að inna af hendi greiðslu eins og hún er nánar skilgreind í reglum kerfisins, eða

— fyrirmæli þátttakanda um að framselja eignarréttindi eða önnur réttindi tengd einu eða fleiri verðbréfum með skráningu eða með öðrum hætti;

j) „gjaldþrotaskipti“: hver sú heildarráðstöfun sem kveðið er á um í lögum aðildarríkis eða þriðja lands og er annaðhvort gerð í þeim tilgangi að leysa upp eða endurskipuleggja þátttakandann þegar slík ráðstöfun felur í sér stöðvun eða takmörkum á yfirfærslum eða greiðslum;

k) „greiðslujöfnun“: að umbreyta í eina nettókröfu eða nettóskuldbindingu mörgum kröfum eða skuldbindingum, sem eiga rót að rekja til greiðslufyrirmæla sem einn eða fleiri þátttakendur hafa annaðhvort gefið eða eiga að taka við frá einum eða fleiri hinna þátttakendanna, þannig að aðeins ein nettókrafa eða ein nettóskuldbinding stendur eftir;

l) „uppgjörsreikningur“: reikningur í seðlabanka, hjá uppgjörsaðila eða milligönguáðila sem er notaður til að varðveita innstæður og verðbréf og til uppgjörs á greiðslum milli þátttakenda í kerfi;

m) „veðtryggingar“: allar seljanlegar eignir sem eru settar að veði (einnig veðsettar peningainnstæður), endurkaupasamningar eða aðrir sambærilegir samningar sem eru gerðir eða lagðir fram til tryggingar réttindum eða skyldum sem geta komið fram í tengslum við kerfi eða

eru settir fram sem trygging fyrir seðlabanka aðildarríkanna eða tilvonandi Seðlabanka Evrópu.

II. ÞÁTTUR

GREIÐSLUJÖFNUN OG GREIÐSLUFYRIRMÆLI

3. gr.

1. Greiðslufyrirmæli, svo og greiðslujöfnun, skulu hafa réttaráhrif og vera bindandi gagnvart þriðju aðilum, jafnvel þó að bú þátttakanda sé tekið til gjaldþrotaskipta, enda hafi greiðslufyrirmælin verið komin inn í kerfi áður en gjaldþrotaskipti eru hafin samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 6. gr.

Ef greiðslufyrirmæli koma í undantekningartilvikum inn í kerfi eftir að gjaldþrotaskipti hefjast og eru framkvæmd á sama degi og gjaldþrotaskiptin hefjast skulu þau einungis hafa réttaráhrif og vera bindandi gagnvart þriðju aðilum ef uppgjörsaðilinn, milligönguáðilinn eða greiðslujöfnunarstöðin getur, eftir að uppgjörið hefur átt sér stað, sýnt fram á að þeim hafi hvorki verið kunnugt né átt að vera kunnugt um upphaf skiptanna.

2. Engin lög, fyrirmæli, regla eða venja um ógildingu samninga og færslna, sem hafa átt sér stað áður en gjaldþrotaskiptin hefjast, samanber skilgreiningu 1. mgr. 6. gr., mega leiða til þess að greiðslujöfnun sé afturkölluð.

3. Í reglum viðkomandi kerfis er skylt að skilgreina hvenær greiðslufyrirmæli teljast vera komin inn í kerfið. Ef í innlendum lögum, sem gilda um kerfið, er að finna ákvæði um hvenær greiðslufyrirmæli teljast komin inn skulu reglur viðkomandi kerfis vera í samræmi við slík ákvæði.

4. gr.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þó að gjaldþrotaskipti séu hafin gagnvart þátttakanda skuli það ekki koma í veg fyrir að innstæður og verðbréf, sem eru tiltæk á uppgjörsreikningi viðkomandi þátttakanda, séu notuð til að standa við skuldbindingar þess þátttakanda innan kerfisins á þeim degi sem gjaldþrotaskiptin hefjast. Þess utan geta aðildarríkin kveðið á um að lánafyrirgreiðsla, sem er veitt viðkomandi þátttakanda í tengslum við kerfið, sé notuð til að standa við skuldbindingar hans innan kerfisins með tilliti til fullnustu tiltækra og fyrirbyggjandi veðtrygginga.

5. gr.

Hvorki þátttakanda né þriðja aðila er heimilt að afturkalla greiðslufyrirmæli eftir ákveðið tímamark sem er skilgreint í reglum viðkomandi kerfis.

III. ÞÁTTUR

ÁKVÆÐI VARÐANDI GJALÐPROTASKIPTI

6. gr.

1. Að því er þessa tilskipun varðar skal miða tímamarkið, þegar gjaldprotaskipti teljast hafin, við það tímamark þegar lögbært dóms- eða stjórnsluufirvald lagði fram úrskurð sinn.

2. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp í samræmi við 1. mgr. skal viðkomandi lögbært dóms- eða stjórnsluufirvald þegar í stað tilkynna um þann úrskurð sinn til hlutaðeigandi yfirvalds sem aðildarríkið hefur tilnefnt í þessu skyni.

3. Aðildarríkið, sem um getur í 2. mgr., skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum um þetta.

7. gr.

Gjaldprotaskipti skulu ekki hafa afturvirk áhrif á réttindi og skyldur þátttakanda sem leiðir af eða tengjast þátttöku hans í kerfi fyrir tímamarkið sem upphaf gjaldprotaskipta miðast við samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 6. gr.

8. gr.

Hafi bú þátttakanda í kerfi verið tekið til gjaldprotaskipta skal um réttindi og skyldur, sem leiðir af eða tengjast þátttöku hans, fara eftir lögum sem gilda um það kerfi.

IV. ÞÁTTUR

VERND RÉTTINDA VEÐTRYGGINGAHAFA GEGN
ÁHRIFUM AF GJALÐPROTASKIPTUM
Á BÚI VEÐPÓLA

9. gr.

1. Réttur:

- þátttakanda til veðtrygginga sem honum eru veittar í tengslum við kerfi, og
- seðlabanka aðildarríkjanna eða tilvonandi Seðlabanka Evrópu til veðtrygginga sem eru veittar þeim,

skal ekki verða fyrir áhrifum af gjaldprotaskiptum á búi þátttakanda eða milligönguaðila seðlabanka aðildarríkjanna eða tilvonandi Seðlabanka Evrópu sem veitti veðtryggingarnar. Slíkar veðtryggingar má innleysa til fullnustu þessara réttinda.

2. Þegar veðbréf (þar með talinn réttur til veðbréfa) eru sett sem veðtryggingar fyrir þátttakendur og/eða seðlabanka aðildarríkjanna eða tilvonandi Seðlabanka Evrópu, samaber skilgreiningu í 1. mgr., og réttur þeirra (eða tilnefnds aðila, fulltrúa eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir þeirra hönd) hvað varðar veðbréfin er skráður samkvæmt lögum á skrá, reikning eða í miðlægt vörslukerfi í aðildarríki skal um réttindi slíkra stofnana, sem handhafa veðtrygginga í tengslum við þessi veðbréf, fara eftir lögum þess aðildarríkis.

V. ÞÁTTUR

LOKAÁKVÆÐI

10. gr.

Aðildarríkin skulu gefa upp hvaða kerfi eigi að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og tilkynna þau til framkvæmdastjórnarinnar og upplýsa hana jafnframt um hvaða yfirvöld þau hafa tilnefnt í samræmi við 2. mgr. 6. gr.

Kerfið skal gefa aðildarríkinu, sem fer með lögsögu í málum þess, til kynna hverjir eru þátttakendur í kerfinu, þar á meðal hugsanlegir óbeinir þátttakendur, og tilkynna um breytingar sem kunna að verða á þeim.

Til viðbótar við tilkynninguna, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, geta aðildarríkin ákveðið að eftirlit skuli haft með kerfum, sem falla undir lögsögu þeirra, eða þau gerð leyfisskyld.

Hver sá sem þess óskar, og hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að stofnun upplýsi hann um það í hvaða kerfum hún tekur þátt og veiti honum upplýsingar um helstu reglur sem gilda um starfsemi hlutaðeigandi kerfa.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsluufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 11. desember 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Þau skulu jafnframt leggja fram samanburðartöflu sem sýnir hvaða innlend ákvæði eru til fyrir eða eru sett með tilliti til hvernar einstakrar greinar í þessari tilskipun.

12. gr.

Eigi síðar en þremur árum eftir dagsetninguna, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar, ásamt tillögum um endurskoðun á henni eftir því sem við á.

13. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. maí 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J.M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. BROWN

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/50/09

nr. 54/1999
frá 30. apríl 1999

um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/96 frá 13. desember 1996⁽¹⁾.

Tilmæli ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur lagarammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólögráða barna og mannglegrar reisnar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 2. lið (ályktun ráðsins 94/C 181/02) í X. viðauka við samninginn.

„3. **398 X 0560:** Tilmæli ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur lagarammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólögráða barna og mannglegrar reisnar (Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla ráðsins 98/560/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbato

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 100, 17.4.1997, bls. 68 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 17.4.1997, bls. 174.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48.

TILMÆLI RÁÐSINS

frá 24. september 1998

um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur lagarammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar^(*)

(98/560/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 130. gr.,

sem hefur hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

sem hefur hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

sem hefur hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og tekur tillit til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin samþykkti grænbókina um verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar í tengslum við hljóð- og myndmiðlun og upplýsingaþjónustu hinn 16. október 1996 og hlaut hún jákvæðar undirtektir hjá ráðinu á fundi þess hinn 16. desember 1996.
- 2) Evrópuþingið ⁽³⁾, efnahags- og félagsmálanefndin ⁽⁴⁾ og svæðanefndin ⁽⁵⁾ hafa allar samþykkt álit um grænbókina.
- 3) Framkvæmdastjórnin lagði niðurstöður samráðsferlisins fyrir fund ráðsins hinn 30. júní 1997 og hlutu þær einróma jákvæðar undirtektir.

- 4) Hinn 16. október 1996 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendinguna um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu. Hinn 17. febrúar 1997 samþykktu ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, ályktunina um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu ⁽⁶⁾. Hinn 24. apríl 1997 samþykkti Evrópuþingið álitgerð um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu. Þessari vinnu er haldið áfram sem viðbót við þessi tilmæli þar sem hún tekur á öllum birtingarformum ólöglegs og skaðlegs efnis með sérstöku tilliti til Netsins.

- 5) Þessi tilmæli taka sérstaklega á atriðum sem varða verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar í tengslum við hljóð- og myndmiðlun og upplýsingaþjónustu sem almenningur hefur aðgang að, burtséð frá því með hvaða hætti miðlunin fer fram (svo sem útvarps- eða sjónvarpsútsendingum, beinlínutengdri einkarekinni þjónustu eða annarri þjónustu á Netinu).

- 6) Til að auka samkeppnishæfni hljóð- og myndmiðlunar-iðnaðarins og upplýsingaiðnaðarins og aðlögun þessa iðnaðar að tækniframförum og skipulagsbreytingum er nauðsynlegt að neytendur séu upplýstir, gerðir betur meðvitaðir og fræddir um þessi mál. Þetta er einnig forsenda þess að borgarar Evrópu geti tekið fullan þátt

^(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Áliti var skilað 13. maí 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽²⁾ Stjtið. EB C 214, 10. 7. 1998, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 339, 10. 11. 1997, bls. 420.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 287, 22. 9. 1997, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 215, 16. 7. 1997, bls. 37.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 70, 6. 3. 1997, bls. 1.

í upplýsingasamfélaginu. Því er nauðsynlegt, til viðbótar við ráðstafanirnar til verndar ólögráða börnum og baráttuna gegn ólöglegu efni, sem misbýður mannlegri reisu, að hvetja til löglegrar og ábyrgrar notkunar upplýsinga- og samskiptamiðla, til að mynda með eftirliti af hálfu foreldra.

- 7) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB frá 30. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjum um sjónvarpsrekstur⁽¹⁾, einkum 22. gr., 22. gr. a og 22. gr. b í tilskipun 89/552/EBE, er mælt fyrir um alhliða ráðstafanir sem miða að verndun ólögráða barna að því er varðar sjónvarpsendingar með það að markmiði að tryggja frjálsa dreifingu sjónvarpsendinga.
- 8) Þróun hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu er afar mikilvæg fyrir Evrópu í ljósi umtalsverðra möguleika þessara miðla á sviði menntunar, upplýsinga- og menningaradgengis, efnahagsþróunar og fjölgunar starfa.
- 9) Til að hægt sé að nýta þessa möguleika til fulls þarf árangursríkur nýsköpunariðnaður að vera fyrir hendi innan bandalagsins. Fyrirtækjum ber skylda til að tryggja og bæta samkeppnisstöðu sína með aðstoð opinberra aðila þar sem við á.
- 10) Verndun tiltekinna mikilvægra almennra hagsmuna, einkum verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar, skapar það andrúmsloft trausts sem þarf að vera fyrir hendi til að hægt sé að nýta möguleika á sviði hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu til fulls en þá þarf að ryðja úr vegi hindrunum fyrir þróun og samkeppnishæfni hlutaðeigandi iðnaðar.
- 11) Almenn samkeppnishæfni hljóð-, mynd- og upplýsingamiðla í Evrópu mun aukast með þróun umhverfis sem hlýnnir að samstarfi milli fyrirtækja í málum sem varða verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar.
- 12) Með því að setja ákveðin tæknileg skilyrði er hægt að koma á öflugri verndun framangreindra mikilvægra

almennra hagsmuna, einkum verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar, og hljóta þannig samþykki allra notenda þessara miðla.

- 13) Því er mikilvægt að hvetja fyrirtæki til að þróa innlendan lagaramma fyrir innra eftirlit og eiga um það samvinnu sín á milli og við aðra aðila sem koma að málinu. Innra eftirlit gæti gert fyrirtækjunum kleift að aðlaga sig með skjótum hætti að hraðari tækniframþróun og heimsmarkaðsvæðingu.
- 14) Skoða ber verndun almannahagsmuna, sem eru tryggðir með þessum hætti, í ljósi grundvallarreglnanna um verndun einkalífs og tjáningarfrelsis, eins og þær birtast í 8. og 10. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og enn fremur eins og þær eru viðurkenndar í 2. mgr. greinar F í sáttmálanum um Evrópusambandið og fordæmisrétti Evrópudómstólsins sem meginreglur í lögum bandalagsins.
- 15) Allar hömlur á þessum réttindum og frelsi skulu vera án mismununar, nauðsynlegar til að hægt sé að ná settu markmiði og nákvæmlega í hlutfalli við þær takmarkanir sem þær setja.
- 16) Hið hnattræna eðli samskiptaneta gerir það að verkum að nota verður alþjóðlega nálgun við umfjöllun um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar í tengslum við hljóð- og myndmiðlun og upplýsingaþjónustu. Í þessu samhengi ætti mótun sameiginlegs viðmiðunarramma á evrópskum vettvangi bæði að efla evrópsk gildi og vera afgerandi skerfur til hinnar alþjóðlegu umræðu.
- 17) Afar mikilvægt er að skilja á milli mála sem varða annars vegar ólöglegt efni sem misbýður mannlegri reisu og hins vegar efni sem er löglegt en líklegt til að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólögráða barna. Nauðsynlegt kann að vera að nálgast og leysa þessi tvenns konar vandamál á ólíkan hátt.
- 18) Lög aðildarríkjanna, þar sem settar eru fram reglur og meginreglur um verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar, endurspeglar menningarlega fjölbreytni ásamt þjóðlegum og staðbundnum áherslum. Í þessu sambandi þarf að gefa sérstakan gaum að beitingu dreifráðisreglunnar.
- 19) Þar sem fjarskiptanet liggja á milli landa yrðu innlendar ráðstafanir árangursríkari á vettvangi bandalagsins þar sem frumkvæði, sem komið hefur fram innan aðildarríkjanna og starfsemi aðila sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd þess með hliðsjón af verksviði og hlutverki umræddra aðila, er samræmt og samvinna þeirra þróuð og góðum starfsvenjum miðlað á viðkomandi sviðum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 202, 30. 7. 1997, bls. 60.

- 20) Sem viðbótarráðstöfun og að teknu fullu tilliti til laga aðildarríkjanna og bandalagsins, ætti aukið innra eftirlit að hraða framkvæmd ákveðinna lausna á vandamálum sem tengjast verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar, ásamt því að viðhalda þeim sveigjanleika sem nauðsynlegur er með tilliti til hinnar öru þróunar í hljóð- og myndmiðlun og upplýsingaþjónustu.
- 21) Markmiðið með framlagi bandalagsins er að styðja við aðgerðir aðildarríkjanna til verndar ólöggráða börnum og mannlegri reisn í hljóð-, mynd- og upplýsingamiðlum og ætti það að miðast við hámarksnotkun þeirra stofnana sem þegar eru fyrir hendi.
- 22) Samræma þarf betur ýmiss konar framtak sem tengist málinu og fer fram jafnhliða því sem grænbókinni er fylgt eftir, einkum vinnunni við að fylgja eftir orðsendingunni um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu, þar með talið ályktuninni, sem ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna sem komu saman á vegum ráðsins 17. febrúar 1997, samþykktu, ályktun Evrópuþingsins frá 1997 og skýrslum starfshópanna tveggja, sem voru lagðar fyrir ráðið 28. nóvember 1996 og 27. júní 1997, vinnu sem fram fór samkvæmt ákvæðum 22. gr. b í tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur⁽¹⁾ ásamt samstarfi á sviði dómsmála og innanríkismála.
- 23) Við framkvæmd þessara tilmæla verður náins samræmis gætt við allar nýjar ráðstafanir sem koma í kjölfar vinnunnar við að fylgja eftir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um ólöglegt og skaðlegt efni á Netinu.
- I. LEGGUR TIL að aðildarríkin stuðli að andrúmslofti trausts sem muni efla þróun hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að:
- 1) stuðla að því að sett verði að eigin frumkvæði innlend rammaákvæði, sem viðbót við lagarammann til verndar ólöggráða börnum og mannlegri reisn í hljóð-, mynd- og upplýsingamiðlum, með því að:
- hvetja til þess, í samræmi við innlendar hefðir og venjur, að hlutaðeigandi aðilar (t.d. notendur, neytendur, fyrirtæki og opinberir aðilar) taki þátt í að skilgreina, framkvæma og meta innlendar ráðstafanir á þeim sviðum sem falla undir þessi tilmæli,
 - setja innlendan lagaramma fyrir innra eftirlit þeirra sem bjóða fram beinlínubjónustu þar sem tekið yrði tillit til hinna leiðbeinandi meginreglna og aðferðafræði sem lýst er í viðaukanum,
 - vinna saman á vettvangi bandalagsins að þróun sambærilegra matsaðferða;
- 2) hvetja útvarpsrekendur í þeirra lögsögu til að stunda rannsóknir og prófa að eigin frumkvæði nýjar aðferðir við að vernda ólöggráða börn og upplýsa áhorfendur, sem viðbót við þá lagaramma, sem gilda annars vegar innanlands og hins vegar á vettvangi bandalagsins, um stjórnun útsendinga;
- 3) grípa til árangursríkra ráðstafana, þar sem við á og gerlegt er, til að draga úr hugsanlegum hindrunum í vegi þróunar beinlínubjónustuiðnaðarins samhliða því sem baráttunni gegn ólöglegu efni, sem misbýður mannlegri reisn, er fram haldið með því að:
- sinna kvörtunum og með því að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum um meint ólöglegt efni við rétt yfirvöld innanlands,
 - milliríkjasamvinnu milli þeirra aðila, sem sinna kvörtunum, til að styrkja árangur innlendra ráðstafana;
- 4) stuðla að, með það í huga að koma tækniýjungum í framkvæmd, til viðbótar og í samræmi við gildandi lög og aðrar ráðstafanir varðandi sjónvarpsútsendingar, og í náninni samvinnu við hlutaðeigandi aðila:
- aðgerðum sem gera ólöggráða börnum kleift að nota beintengda hljóð- og myndmiðlun og upplýsingaþjónustu á ábyrgan hátt, sér í lagi með því að gera foreldra, leiðbeinendur og kennara betur meðvitaða um möguleika þessarar nýju þjónustu og með hvaða hætti er hægt að gera þessa miðla örugga fyrir ólöggráða börn,
 - eftir því sem við á og nauðsynlegt þykir, aðgerðum sem auðvelda að bera kennsl á og fá aðgang að gæðaeefni og -þjónustu fyrir ólöggráða börn, þar með talið með því að útvega aðgangsmöguleika í skólafstofnunum og á opinberum stöðum.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 298, 17. 10. 1989, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB frá (Stjttíð. EB L 202, 30. 7. 1997, bls. 60).

II. LEGGUR TIL að hlutaðeigandi starfsgreinar og aðilar:

- 1) eigi samstarf, í samræmi við innlendar hefðir og venjur, við viðeigandi yfirvöld um að setja upp kerfi sem allir hlutaðeigandi aðilar innan hvers lands eiga hlut að, meðal annars með það í huga að auðvelda þátttöku í samræmingu á evrópskum og alþjóðlegum grundvelli, á þeim sviðum sem þessi tilmæli fjalla um;
- 2) eigi samstarf um að semja siðareglur fyrir verndun ólögráða barna og mannlegrar reysnar með tilliti til beinlínubjónustu, meðal annars með það í huga að skapa umhverfi sem er hagstætt þróun nýrra tegunda bjónustu, að teknu tilliti til meginreglnanna og aðferðafræðinnar sem lýst er í viðaukanum;
- 3) þróa og prófi að eigin frumkvæði nýjar aðferðir í tengslum við sjónvarpsútsendingar til að vernda ólögráða börn og upplýsi áhorfendur með það að markmiði að hvetja til nýsköpunar samhliða því sem verndin er aukin;
- 4) þróa uppbyggilegar ráðstafanir til hagsbóta fyrir ólögráða börn, þar á meðal framtaksverkefni til að auðvelda aðgengi þeirra að hljóð-, mynd- og upplýsingamiðlum samhliða því sem sneitt er hjá hugsanlega skaðlegu efni;
- 5) starfi saman að því að fylgja eftir og meta framtaksverkefni sem eru gerð á innlendum vettvangi með hliðsjón af þessum tilmælum.

nýsköpun, milli aðildarríkjanna og þeirra aðila á hinum ýmsu sviðum sem þessi tilmæli gilda um;

- 2) hvetja til samvinnu og miðlunar reynslu og góðra starfsvenja milli þeirra sem sjá um innra eftirlit og þeirra sem annast meðferð kvartana, með það í huga að skapa andrúmslofti trausts með því að berjast gegn dreifingu ólöglegs efnis sem misbýður mannlegri reynslu og er í umferð í beinlínutengdum hljóð-, mynd- og upplýsingamiðlum;
- 3) stuðla að, ásamt aðildarríkjunum, alþjóðlegri samvinnu á hinum ýmsu sviðum sem tilmæli þessi ná yfir, einkum með því að miðla reynslu og góðum starfsvenjum milli rekstraraðila og annarra hlutaðeigandi aðila í bandalaginu og samstarfsaðila þeirra í öðrum heimshlutum;
- 4) þróa, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld, aðferðafræði til að meta þær ráðstafanir sem eru gerðar vegna þessara tilmæla, með sérstakri áherslu á matið á auknum ávinningi af samvinnuferlinu á vettvangi bandalagsins, og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið, tveimur árum eftir gildistöku þessara tilmæla, matsskýrslu um áhrif þeirra.

III. HVETUR framkvæmdastjórnina til að:

- 1) auðvelda eftir því sem við á, fyrir tilstuðlan fjármálastofnana innan bandalagsins, að komið sé á kerfistengingu þeirra aðila sem sjá um að skilgreina og framkvæma innlenda lagaramma fyrir innra eftirlit og miðla reynslu og góðum starfsvenjum á vettvangi bandalagsins, einkum í tengslum við

Gjört í Brussel 24. september 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FARNLEITNER

forseti.

VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI VIÐMIÐUNARREGLUR UM FRAMKVÆMD, Á INNLENDUM VETTvangI, LAGARAMMA FYRIR INNRA EFTIRLIT MEÐ VERNDUN ÓLÖGRÁÐA BARNNA OG MANNLEGRAR REISNAR Í BEINLÍNUTENGÐUM HLJÓÐ-, MYND- OG UPPLÝSINGMIÐLUM**Markmið**

Markmiðið með þessum viðmiðunarreglunum er að hlúa að andrúmslofti trausts hjá beinlínutengdum hljóð-, mynd- og upplýsingamiðlum með því að tryggja á vettvangi bandalagsins víðtæka samstöðu fyrirtækja, viðskiptaaðila og annarra hlutaðeigandi aðila við að þróa lagaramma fyrir innra eftirlit hvers ríkis með verndun ólögráða barna og mannlegrar reisnar. Þjónustan, sem þessar viðmiðunarreglur ná yfir, er fjarþjónusta sem er veitt með rafeindatekni. Þær ná ekki yfir útsendingar sem falla undir tilskipun ráðsins 89/552/EBE eða útvarpsendingar. Efnið sem um er að ræða er það sem almenningi hefur aðgang að, frekar en einkasamskipti.

Þessi samstaða mun auka skilvirkni innra eftirlitsferlisins og skapa grunn að nauðsynlegri millilandasamvinnu milli hlutaðeigandi aðila.

Að teknu tilliti til þess að innra eftirlitsferlið er í eðli sínu byggt á frumkvæði aðilanna sjálfra (en meginmarkmið þess er að styðja við nágildandi löggjöf) og að mismunur er á nálgun og áherslum í aðildarríkjunum snerta þessar viðmiðunarreglur fjögur meginatriði í innra eftirlitskerfi hvers ríkis:

- samráð við viðkomandi aðila og þátttöku þeirra,
- siðareglur,
- innlendir aðilar sem auðvelda samvinnu á vettvangi bandalagsins,
- innlent mat á lagarömmum innra eftirlits.

1. SAMRÁÐ VIÐ VIÐKOMANDI AÐILA OG ÞÁTTTAKA ÞEIRRA

Markmiðið er að tryggja að skilgreining, framkvæmd og mat á lagaramma innra eftirlits hvers ríkis njóti góðs af fullri þátttöku hlutaðeigandi aðila, til dæmis opinberra yfirvalda, notenda, neytenda og fyrirtækjanna sem beint eða óbeint koma að hljóð- og myndmiðlun og að beinlínutengdri upplýsingaþjónustu. Setja þarf skýrar reglur um ábyrgð og hlutverk aðilanna, bæði opinberra og einkaaðila.

Þar sem um eigið frumkvæði aðilanna er að ræða hefur það í för með sér að viðurkenning og skilvirkni lagaramma fyrir innra eftirlit hvers ríkis er háð því í hve miklum mæli hlutaðeigandi aðilar vinna virkt saman að skilgreiningu, beitingu og mati á honum.

Allir hlutaðeigandi aðilar ættu einnig að aðstoða við langtímaverkefni á borð við þróun sameiginlegra verkfæra eða hugtaka (til dæmis varðandi merkingu efnis) eða skipulagningu hliðarráðstafana (til dæmis varðandi upplýsingar, að skerpa vitund manna og menntun).

2. SIÐAREGLUR**2.1. Almenn**

Markmiðið er að móta, innan ramma innra eftirlits hvers ríkis, grundvallarreglur sem eru nákvæmlega lagaðar að þeim markmiðum sem stefnt er að. Þessar reglur ber að fella inn í siðareglur sem ná að lágmarki yfir flokkana í lið 2.2. og rekstraraðilar (fyrst og fremst fyrirtækin) ættu síðan að taka þessar reglur upp og framfylgja að eigin frumkvæði.

Við mótn þessara reglna ber að hafa eftirfarandi til hliðsjónar:

- fjölbreytileika þjónustunnar og hlutverka sem mismunandi þjónustuaðilar gegna (aðilar sem bjóða fram netkerfi, aðgang, þjónustu, efni o.s.frv.) og hvaða ábyrgð þeir bera,
- fjölbreytileika umhverfis og búnaðar sem er notaður við beinlínubjónustu (opin og lokuð netkerfi, búnaður með mismikilli gagnvirkni).

Í ljósi þess sem að framan greinir getur verið að fjarskiptafyrirtæki þurfi að nota eina eða fleiri siðareglur.

Með hliðsjón af þessari fjölbreytni ber að meta hlutfallsvægi reglnanna á grundvelli:

- meginreglnanna um tjáningarfrelsi, verndun einkalífs og frjálsa þjónustustarfsemi,
- meginreglunnar um tæknilega og efnahagslega hagkvæmni, að því gefnu að meginmarkmiðið sé að þróa upplýsingasamfélagið í Evrópu.

2.2. Innihald siðareglna

Siðareglurnar ættu að ná yfir eftirfarandi:

2.2.1. Verndun ólögráða barna

Markmið: að gera ólögráða börnum kleift að nota beinlínubjónustu á ábyrgan hátt og koma í veg fyrir að þau fái aðgang, án samþykkis foreldra þeirra eða kennara, að löglegu efni sem gæti skert líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra. Fyrir utan samræmdar aðgerðir til að mennta ólögráða börn og gera þau betur meðvituð ættu einnig að setja sérstakar reglur sem taka til eftirfarandi sviða:

a) Upplýsingar til notenda

Markmið: sem liður í að hvetja til ábyrgrar notkunar netkerfa ættu þjónustuaðilar, sem veita beinlínubjónustu, að upplýsa notendur, þar sem því verður við komið, um hvers kyns áhættu sem stafað gæti af efni tiltekinnar beinlínutengdrar þjónustu og um það hvaða leiðir til verndar eru fyrir hendi.

Siðareglurnar ættu til að mynda að taka til útgáfu grunnreglna um eðli þeirra upplýsinga sem veita á notendum aðgang að, tímasetningu þeirra og í hvers konar formi þeim verður miðlað. Velja skal viðeigandi tækifæri til að koma upplýsingunum á framfæri (við sölu á tæknibúnaði, gerð samninga við notendur, á vefsetrum o.s.frv.).

b) Framsetning löglegs efnis sem gæti skaðað ólögráða börn

Markmið: þar sem því verður við komið ætti að setja löglegt efni, sem gæti skaðað ólögráða börn eða haft áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra, fram með þeim hætti að notendur fái grunnupplýsingar um hugsanleg skaðleg áhrif þess á ólögráða börn.

Siðareglurnar ættu því til að mynda að taka til útgáfu grunnreglna fyrir þau fyrirtæki sem veita umrædda beinlínutengda þjónustu og fyrir notendur og birgja efnis. Í reglunum skal koma fram hvaða skilyrðum framboð og dreifing efnis, sem líklegt er til að valda ólögráða börnum skaða, skuli háð, eftir því sem hægt er, verndarráðstöfunum á borð við:

- aðvörunarsíðu, sjónrænt tákni eða hljóðmerki,
- lýsandi merkingar og/eða flokkun efnis,
- kerfi til að hafa eftirlit með aldri notenda.

Í þessu samhengi ber einkum að nota þau varnarkerfi sem koma fram strax í kynningu á löglegu efni, sem mjög líklegt er að valdi skaða hjá ólögráða börnum, svo sem klámi eða ofbeldi.

c) Stuðningur við foreldraeftirlit

Markmið: þar sem því verður við komið ættu foreldrar, kennarar og aðrir sem hafa eftirlit með þessu sviði að hafa aðgang að einföldum og sveigjanlegum úrræðum sem gera þeim kleift að veita ólögráða börnum í umsjón sinni aðgang að þjónustu, án þess að menntunarmöguleikar viðkomandi séu skertir, jafnvel þegar ólögráða börn eru ekki undir eftirliti.

Siðareglurnar ættu til dæmis að taka til, setningar grunnreglna um undir hvaða kringumstæðum notendum er boðið upp á viðbótarúrræði eða þjónustu til að auðvelda foreldraeftirlit, þar með talið:

- innbyggðan síuhugbúnað sem settur er upp og ræstur af notanda,
- síubúnað sem þjónustuaðili ræsir að ósk notanda með kerfisaðgang (sem getur til dæmis skert aðgang að fyrirframskýlirtum setrum eða boðið almennan aðgang að þjónustu).

d) Meðferð kvartana

Markmið: að stuðla að árangursríkri meðhöndlun kvartana varðandi efni sem brýtur í bága við reglurnar um verndun ólöggráða barna og/eða brýtur siðareglurnar.

Siðareglurnar ættu til dæmis að taka til atriða sem falla undir grundvallarreglurnar um meðhöndlun kvartana og vera fjarskiptafyrirtækjum hvatning til að sjá fyrir úrræðum og boðleiðum þannig að hægt sé að senda og taka á móti kvörtunum án erfiðleika (sími, tölvupóstur, bréfasími) og að koma á málsmeðferðarreglum varðandi kvartanir (upplýsa gagnaveituhjónustur, miðla upplýsingum milli fjarskiptafyrirtækja, svara kvörtunum o.s.frv.).

2.2.2. Verndun mannlegrar reisinar

Markmið: að styðja árangursríkar aðgerðir í baráttunni gegn ólöglegu efni sem misbýður mannlegri reisin.

a) Upplýsingar fyrir notendur

Markmið: þar sem hægt er ætti að upplýsa notendur um þær hættur sem tengjast notkun beinlínutengdrar gagnaveituhjónustu með það í huga að hvetja til löglegrar og ábyrgrar notkunar netkerfa.

Siðareglur ættu til dæmis að taka til grundvallarreglna um það hvers konar upplýsingar gera eigi aðgengilegar, tímasetningu þeirra og í hvaða formi eigi að koma þeim á framfæri.

b) Meðferð kvartana

Markmið: að hvetja til árangursríkrar meðferðar kvartana varðandi ólöglegt efni sem misbýður mannlegri reisin sem dreift er í hljóð-, mynd- og upplýsingamiðlum, í samræmi við viðeigandi ábyrgð og hlutverk viðeigandi aðila, í því skyni að minnka ólöglegt efni og misnotkun netkerfanna.

Siðareglurnar ættu til dæmis að taka til atriða sem falla undir grundvallarreglurnar um meðhöndlun kvartana og hvetja fjarskiptafyrirtæki til að sjá fyrir úrræðum og boðleiðum þannig að hægt sé að senda og taka á móti kvörtunum án erfiðleika (sími, tölvupóstur, bréfasími) og að koma á málsmeðferðarreglum varðandi kvartanir (upplýsa gagnaveituhjónustur, miðla upplýsingum milli fjarskiptafyrirtækja, svara kvörtunum o.s.frv.).

c) Samvinna rekstraraðila við dómsmála- og lögregluþjónustu

Markmið: að tryggja, í samræmi við ábyrgð og hlutverk viðkomandi aðila, árangursríka samvinnu milli fjarskiptafyrirtækja og dómsmála- og lögregluþjónustunnar innan aðildarríkjanna í baráttunni gegn framleiðslu og dreifingu ólöglegs efnis sem misbýður mannlegri reisin í hljóð- og myndmiðlum og beinlínutengdri upplýsingahjónustu.

Siðareglurnar ættu til dæmis að taka til setningar grundvallarreglna um verklagsreglur við samvinnu milli rekstraraðila og lögbærra yfirvalda samhliða því sem meðalhófsreglan og meginreglan um tjáningarfrelsi eru virtar, svo og viðeigandi innlend lagaákvæði.

2.2.3. Brot á siðareglunum

Markmið: að styrkja trúverðuleika siðareglunnar (eða siðareglanna), að teknu tilliti til þess að um er að ræða eigið frumkvæði, með því að gera ráð fyrir letjandi ráðstöfunum sem eru í hlutfalli við eðli brotsins. Í þessu sambandi ætti að setja ákvæði varðandi verklagsreglur um áfrýjanir og málamiðlanir, þar sem við á.

Viðeigandi reglur, sem gilda um þetta svið, ættu að vera innifaldar í siðareglunum.

3. INNLENDIR AÐILAR SEM AUÐVELDA SAMVINNU Á VETTvangi BANDALAGSINS

Markmið: að auðvelða samvinnu á vettvangi bandalagsins (miðlun reynslu og góðra starfsvenja og áframhaldandi samvinna) með kerfistengingu hlutaðeigandi aðila innan aðildarríkjanna, í samræmi við hlutverk þeirra og ábyrgð innanlands. Slík kerfi gætu einnig auðvelað alþjóðlega samvinnu.

Samvinna á evrópskum vettvangi merkir:

- samvinna milli hlutaðeigandi aðila:
allir aðilar, sem koma að gerð innlendra lagaramma um innra eftirlit, eru beðnir að setja upp sameiginlegt fulltrúaráð innanlands til að auðvelda miðlun reynslu og góðra starfsvenja og til að vinna saman á vettvangi bandalagsins og á alþjóðavettvangi,
- samvinna milli innlendra aðila sem annast meðferð kvartana:
til að auðvelda og þróa samvinnu á vettvangi bandalagsins og á alþjóðavettvangi eru aðilar, sem taka þátt í skilvirku kerfi við meðhöndlun á kvörtunum, hvattir til að koma upp innlendum tengilið með það í huga að styrkja samvinnu í baráttunni gegn ólöglegu efni, að auðvelda miðlun reynslu og góðra starfsvenja, ásamt því að bæta löglega og ábyrga notkun netkerfanna.

4. MAT Á LAGARÖMMUM INNRA EFTIRLITS

Markmiðið er að kveða á um reglubundið mat á lagaramma innra eftirlits innanlands, að meta skilvirkni þess við að vernda hina almennu hagsmuni sem um er að ræða, að mæla árangur af notkun rammans við að ná settum markmiðum og að laga hann smám saman að breytingum á markaði, tækni og tegund nota.

Hlutaðeigandi aðilar eru beðnir að setja upp matskerfi innanlands þannig að þeir geti fylgst með árangrinum sem næst við framkvæmd lagarammans um innra eftirlit. Matskerfið ætti að hafa til hliðsjónar viðlíka samvinnu á vettvangi bandalagsins, meðal annars við mótun sambærilegra matsaðferða.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/50/10

nr. 55/1999
frá 30. apríl 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 40/1999 frá 26. mars 1999⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98 frá 24. september 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og tilskipun 88/599/EBE um beitingu reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 49, 25.2.1999, bls. 46, skal felld inn í samninginn.

Aðlögunarliðirnir við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 sem er að finna í 3. lið A-hluta VI. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á⁽³⁾ skulu felldir inn í samninginn.

Nauðsynlegt er að aðlaga XIII. viðauka í kjölfar inngöngu Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar í Evrópusambandið.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr:

Í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85) í XIII. viðauka við samninginn:

a) bætist við eftirfarandi undirliður á milli þriðja og fjórða undirliðar:

„- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum

sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1).“;

b) bætist við eftirfarandi:

„- **398 R 2135:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98 frá 24. september 1998 (Stjtið. EB L 274, 9.10.1998, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 49, 25.2.1999, bls. 46.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í IV. kafla A í I. viðauka B bætist við eftirfarandi í a-lið 3. liðar varðandi 1. bls. í ekilskortinu:

„is: Ekilskort“

„no: Sjáförkort“;

b) í IV. kafla A í I. viðauka B varðandi 1. bls. í ekilskortinu hljóði upphafsmálsliður c-liðar í 3. lið sem hér segir hvað varðar EFTA-ríkin:

„auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur kortið út umlukt sporbaugnum sem um getur í 37. gr. sammings Sameinuðu þjóðanna um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968 (með sama bakgrunn og ökuskirteinið); auðkennið skal vera sem hér segir:“;

c) í IV. kafla A í I. viðauka B varðandi 1. bls. í ekilskortinu bætist eftirfarandi við c-lið 3. liðar:

„IS Ísland

FL Liechtenstein

N Noregur“.

(¹) Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 251.

(²) Stjtið. EB L 274, 9.10.1998, bls. 1.

(³) Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

2. gr.

Í 23. lið (tilskipun ráðsins 88/599/EBE) í XIII. viðauka við samninginn,

- a) falli aðlögunarliðurinn og upphafsmálsliður niður;
- b) bætist við eftirfarandi:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 2135**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98 frá 24. september 1998 (Stjtið. EB L 274, 9.10.1998, bls. 1), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 49, 25.2.1999, bls. 46.“

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2135/98 og aðlögunarliða við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 í 3. liða-

hluta í VI. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku, fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2135/98

frá 24. september 1998

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og tilskipun 88/599/EBE um beitingu reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum c- og d-lið 1. mgr. 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽⁴⁾ er kveðið á um smíði, uppsetningu, notkun og prófun skráningarbúnaðar í ökutækjum í flutningum á vegum.
- 2) Reynslan hefur sýnt að fjárhagslegur þrýstingur og samkeppni á sviði flutninga á vegum hafa leitt suma ökumenn, sem starfa hjá fyrirtækjum sem stunda farmflutninga á vegum, út í að brjóta gegn tilteknum reglum, einkum þeim sem fjalla um aksturs- og hvíldartíma og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum ⁽⁵⁾.
- 3) Augljós brot og svik stofna umferðaröryggi í hættu og eru óviðunandi af samkeppnisástandum fyrir þá ökumenn sem virða reglur.

4) Auka mætti umferðaröryggi með sjálfvirkri skráningu og reglulegu eftirliti, sem bæði viðkomandi fyrirtæki og lögbær yfirvöld annast, með afköstum og hegðun ökumanns og ferðum ökutækisins, t.d. hraða og vegalengd sem er farin.

5) Í bandalagsreglum á sviði félagsmála eru gerðar vissar kröfur um takmörkun daglegs aksturs- og hvíldartíma og einnig um heildaraksturs- og hvíldartíma fyrir allt að tveggja vikna tímabil. Erfitt er að fylgjast með því hvort þessum kröfum sé fullnægt þar eð upplýsingar eru skráðar á mismunandi skráningarblöð fyrir hvern dag og skráningarblöðin fyrir yfirstandandi viku og síðasta dag vikunnar á undan eru varðveitt í stýrishúsi viðkomandi ökutækis.

6) Í því skyni að binda enda á algengustu misbeitingu gildandi fyrirkomulags er því nauðsynlegt að taka í notkun nýjan háþróaðan tæknibúnað, t.d. skráningarbúnað með rafeindatæki sem geymir viðeigandi upplýsingar, og persónulegt ekilskort til þess að tryggja sé að unnt sé að endurheimta skráðar upplýsingar, þær séu skiljanlegar eftir útprentun og áreiðanlegar og að þær veiti óvæfingjanlegt yfirlit yfir vinnu ökumanns næstliðna daga og notkun ökutækisins um nokkra mánaða skeið.

7) Fullkomið öryggi kerfisins og íhluta þess er forsenda þess að skráningarbúnaðurinn vinni á skilvirkan hátt.

8) Setja þarf reglur um skilyrði fyrir útgáfu og notkun gagnakortanna sem kveðið er á um í I. viðauka B.

9) Ökumennirnir, fyrirtækin sem þeir starfa hjá og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu geta sannprófað upplýsingar um athafnir ökumanna. Ökumaður og fyrirtæki hans skulu þó eingöngu hafa aðgang að upplýsingum sem varða þeirra eigin athafnir og starfsemi.

10) Setja ber skráningarbúnaðinn, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, upp í ökutækjum sem eru tekin í notkun í fyrsta sinn eftir að tækniforskriftirnar, sem framkvæmdastjórnin hefur sumar hverjar skilgreint í samræmi við málsmeðferð bandalagsins sem um getur í 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, eru birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna. Ákveða ber aðlögunartíma til þess að unnt sé að framleiða nýjan skráningarbúnað í samræmi við þessar tækniforskriftir og veita gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir hann.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 274, 9.10.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/1999 frá 30. apríl 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarífsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 243, 31.8.1994, bls. 8 og Stjtið. EB C 370, 31.12.1985, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 110, 21.4.1995, bls. 19.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. júlí 1995 (Stjtið. EB C 249, 25.9.1995, bls. 128), sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. desember 1997 (Stjtið. EB C 43, 9.2.1998, bls. 6) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 31. mars 1998 (Stjtið. EB C 138, 4.5.1998, bls. 26).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/97 (Stjtið. EB L 154, 12.6.1997, bls. 21).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 370, 31.12.1985, bls. 1.

- 11) Æskilegt er að einnig sé unnt að auka notagildi skráningarbúnaðar, sem er í samræmi við I. viðauka B, með litlum tilkostnaði að því er varðar skipulagningu á akstri ökutækjafloða fyrirtækisins.
- 12) Í samræmi við dreifræðisregluna er þörf á aðgerðum á vettvangi bandalagsins til að gera breytingar á reglugerð (EBE) nr. 3821/85 svo að tryggt sé að skráningarbúnaður, sem er í samræmi við I. viðauka B, samræmist einnig ekilskortum og að upplýsingar, sem verða til í skráningarbúnaði sem er í samræmi við I. viðauka og I. viðauka B, séu í innbyrðis samræmi.
- 13) Tækniframfarir kalla á að tækniröfurnar, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við þessa reglugerð, verði samþykktar sem fyrst. Til þess að greiða fyrir framkvæmd nauðsynlegra ráðstafana í þessu skyni ber að kveða á um aðlögun þessara viðauka að tækniframförum, og ber framkvæmdastjórninni að samþykkja aðlögunina í samræmi við málsmeðferð bandalagsins, eins og henni er lýst í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE frá 13. júlí 1987 þar sem kveðið er á um beitingu þess framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórnin hefur ⁽¹⁾.
- 14) Notkun nýs skráningarbúnaðar hefur í för með sér að nauðsynlegt er að gera breytingar á tilteknum ákvæðum tilskipunar 88/599/EBE ⁽²⁾ um beitingu reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 3821/85:

- Í 1. gr. komi „og kröfurnar í I. viðauka eða I. viðauka B og II. viðauka“ í stað „og kröfurnar í I. og II. viðauka“.
- Breyta ber 4., 5., 6., 7., 8. og 11. gr. með því að bæta við orðunum „eða gagnakort“ þar sem ritað stendur „skráningarblað“ eða „skráningarblöð“.
- Eftirfarandi undirgrein skal skotið inn í 4. gr. framan við fyrstu undirgrein:
„Í þessum kafla er merking hugtaksins „skráningarbúnaður“ „skráningarbúnaður eða ihlutir hans.““
- Eftirfarandi komi í stað fyrstu undirgreinar 5. gr.:
„Aðildarríki skal veita EB-viðurkenningu ihlutar fyrir allar gerðir skráningarbúnaðar (ökurita) og allar fyrirmyndir að skráningarblaði eða gagnakorti sem eru í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka eða I. viðauka B við þessa reglugerð, að því tilskildu að aðildarríkið sé fært um að hafa eftirlit með því að framleiðslan sé í samræmi við viðurkenndu gerðina.“

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 197, 18.7.1987, bls. 33.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 325, 29.11.1988, bls. 55.

Öryggi kerfisins skal vera í samræmi við tækniröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka B. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., sjá til þess að tilskilið sé í fyrrnefndum viðauka að óheimilt sé að veita EB-gerðarviðurkenningu ihlutar fyrir skráningarbúnað fyrir en það hefur sýnt sig að kerfið í heild (sjálfur skráningarbúnaðurinn, ekilskortið og rafmagnstengingar til girkassa) geti staðist tilraunir til þess að hrófla við því eða breyta upplýsingum um aksturstíma. Sérfræðingar, sem þekkja nýjustu aðferðir til þess að hrófla við slíkum búnaði, skulu annast nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um þetta.

5. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 12. gr.:

a) Eftirfarandi bætist við 1. mgr.:

„Gildistími korta viðurkenndra verkstæða og ísetningarstofa skal af stjórnsýslulegum ástæðum ekki vera lengri en eitt ár.“

Ef til stendur að framlengja gildistíma korts, sem er gefið út handa viðurkenndu verkstæði eða ísetningarstofu, það er gallað, ónothæft, týnt eða hefur verið stolið skal viðkomandi yfirvald útvega annað kort í stað þess innan fimm virkra daga frá því að því berst ítarlega rökstudd beiðni þar um.

Ef nýtt kort er gefið út í stað gamals, skal nýja kortið hafa sama upplýsinganúmer verkstæðis en einum bætt við raðnúmerið. Yfirvaldið, sem gefur kortið út, skal halda skrá yfir týnd, stolin eða gölluð kort.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir fölsun korta sem er dreift til viðurkenndra ísetningarstofa og verkstæða.“

b) Eftirfarandi komi í stað 2. mgr.:

„2. Viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði skal merkja sérstaklega innsigli sem hún eða það setur á og auk þess færa inn rafrænar öryggisupplýsingar fyrir skráningarbúnað, sem er í samræmi við I. viðauka B, sem gera meðal annars kleift að sannreyna lögmæti þeirra. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu halda skrá yfir þau merki og þær rafrænu öryggisupplýsingar sem eru notuð og útgefin kort handa viðurkenndum ísetningarstofum og verkstæðum.“

c) Eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

„3. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu senda framkvæmdastjórninni skrárnar yfir viðurkenndar ísetningarstofur og verkstæði sem og kort sem eru gefin út handa þeim og senda henni afrit af merkjum og nauðsynlegum upplýsingum um þær rafrænu öryggisupplýsingar sem eru notaðar.“

- d) Í 4. mgr. komi „I. viðauka og I. viðauka B“ í stað „I. viðauka.“
- e) Í 5. mgr. skal yrðingunni „eða í c-lið VI. þáttar I. Viðauka B“ skotið inn á eftir „4. málsgrein.“

6. Eftirfarandi komi í stað 13. gr.:

„13. gr.

Vinnuveitandi og ökumenn skulu sjá til þess að skráningarbúnaðurinn virki rétt og sé rétt notaður og að það sama gildi um ekilskortið, ef ökumanni er gert að aka ökutæki með skráningarbúnaði sem er í samræmi við I. viðauka B.“

7. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 14. gr.:

- a) Eftirfarandi komi í stað 1. mgr.:

„1. Vinnuveitandi skal úthluta nægilega mörgum skráningarblöðum til ökumanna ökutækja með skráningarbúnaði sem er í samræmi við I. Viðauka og taka tillit til þess að blöðin eru persónulegs eðlis, til lengdar þjónustutíma og hugsanlega þeirrar skyldu að setja blöð í stað þeirra sem eyðileggjast eða löggiltur skoðunarmaður hefur fjarlæggt. Vinnuveitandi skal eingöngu úthluta ökumönnum blöðum sem eru í samræmi við samþykka fyrirmynd og henta fyrir búnaðinn sem er í ökutækinu.

EF ökutæki er með skráningarbúnaði, sem er í samræmi við I. viðauka B, skulu vinnuveitandi og ökumaður sjá til þess, að teknu tilliti til lengdar þjónustutíma, að útprentun samkvæmt beiðni, sem um getur í I. viðauka B, geti farið fram með réttum hætti þegar skoðun fer fram.“

- b) Eftirfarandi málsgreinar bættist við:

„3. Lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem viðkomandi ökumaður hefur fasta búsetu, skal gefa út ekilskortið, sem er fjallað um í I. viðauka B, að beiðni ökumansins.

Aðildarríki getur krafist þess að allir ökumenn, sem ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gilda um og hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði þess, séu handhafar ekilskorts.

- a) Í þessari reglugerð merkir „föst búseta“ staðinn þar sem einstaklingur býr að jafnaði, þ.e.a.s. í að minnsta kosti 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónulegra tengsla og atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna að einstaklingurinn er nátengdur staðnum þar sem hann býr.

Föst búseta einstaklings, sem hefur atvinnutengsl annars staðar en persónuleg tengsl og dvelur þar af leiðandi til skiptis á mismunandi stöðum í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, telst vera þar sem hann hefur persónuleg tengsl, að því tilskildu að hann snúi aftur þangað með reglubundnu millibili. Ekki þarf að uppfylla þetta síðastnefnda skilyrði þegar einstaklingur dvelur í aðildarríki vegna tímabundinna verkefna.

- b) Ökumenn skulu færa sönnur á hvar þeir hafa fasta búsetu með viðeigandi hætti, t.d. með því að framvísa kennivottorði sínu eða öðru gildu skjali.
- c) Lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu, sem gefur út ekilskortið, er heimilt að óska eftir viðbótarupplýsingum eða -sönnunargögnum hafi þau efasemdir um gildi yfirlýsingar um fasta búsetu, sem er gefin í samræmi við b-lið, eða ef slíkt er nauðsynlegt vegna sérstaks eftirlits.
- d) Lögbær yfirvöld í útgáfuaðildarríkinu skulu sjá til þess, að því marki sem unnt er, að umsækjandi sé ekki þegar handhafi gilds ekilskorts.
- 4. a) Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu skulu auðkenna ekilskortið með nafni viðkomandi ökumans í samræmi við ákvæði I. viðauka B.

Af stjórnsýslulegum ástæðum má ekilskort ekki gilda lengur en í fimm ár.

Ökumaður getur einungis verið handhafi eins gilds ekilskorts. Ökumanni er eingöngu heimilt að nota ekilskort sem er auðkennt með nafni hans. Ökumaður skal ekki nota ekilskort sem er gallað eða fallið úr gildi.

Ef nýtt ekilskort er gefið út í stað gamals skal það hafa sama útgáfunúmer ekilskorts en einum bætt við raðnúmerið. Útgáfuyfirvaldið skal halda skrá yfir útgefin, stolin, týnd eða gölluð ekilskort að minnsta kosti jafnlengi og þau gilda í stjórnsýslulegu tilliti.

Ef ekilskort er gallað, ónothæft, týnt eða hefur verið stolið skal viðkomandi yfirvald útvega annað kort í stað þess innan fimm virkra daga frá því að því berst ítarlega rökstudd beiðni þar um.

Þegar fram kemur beiðni um endurnýjun korts, sem er brátt fallið úr gildi, skal yfirvaldið útvega nýtt kort áður en hið fyrrnefnda er fallið úr gildi, að því tilskildu að beiðni þess efnis hafi verið send þvi innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 15. gr.

b) Einungis skal gefa út ekilskort handa umsækjendum sem ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 gilda um.

c) Ekilskortið skal vera bundið einstaklingi. Óheimilt er, meðan gildistími kortsins varir, að afturkalla það eða nema tímabundið úr gildi af nokkurri ástæðu nema lögbært yfirvald í aðildarríki sannreyni að kortið hafi verið falsað eða að ökumaður noti kort sem hann er ekki handhafi að eða að kort, sem er í notkun, hafi verið fengið með ósönnnum yfirlýsingum og/eða fölsuðum skjölum. Ef annað aðildarríki en útgáfuaðildarríkið grípur til slíkrar tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar skal fyrrnefnda aðildarríkið skila kortinu aftur til viðkomandi yfirvalda í útgáfuaðildarríkinu og tilgreina ástæðurnar fyrir því að því er skilað.

d) Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna ekilskort sem önnur aðildarríki gefa út.

Hafi handhafi gilds ekilskorts, sem aðildarríki hefur gefið út, tekið upp fasta búsetu í öðru aðildarríki er honum heimilt að fara fram á að korti hans verði skipt út fyrir sambærilegt ekilskort. Aðildarríkið, sem annast skiptin, skal sannreyna, ef nauðsyn krefur, að kortið, sem er lagt fram, sé enn í gildi.

Aðildarríki, sem annast skipti, skulu skila gamla kortinu til viðkomandi yfirvalda í útgáfuaðildarríkinu og tilgreina ástæður fyrir því.

e) Láti aðildarríki ekilskort koma í stað annars eða skipti út korti ber að skrá slíkt í því sama aðildarríki og ætíð síðar þegar slík umskipti eða endurnýjun fer fram.

f) Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að falska ekilskort.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar, til þess að unnt sé að fylgjast með því hvort ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 og tilskipunar ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan bandalagsins(*) sé fullnægt, sem eru skráðar og geymdar með skráningarbúnaði, í samræmi við I. viðauka B við þessa reglugerð, séu aðgengilegar í að minnsta kosti 365 daga eftir að þær eru skráðar og að hægt sé að veita aðgang að þeim við skilyrði þar sem öryggi og nákvæmni upplýsinganna eru tryggð.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að endursala og ónýting skráningarbúnaðar komi ekki í veg fyrir að unnt sé að beita ákvæðum þessarar reglugerðar með fullnægjandi hætti.

(*) Stjtið. EB L 57, 2.3.1992, bls.27.“

8. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 15. gr.:

a) Breyta skal fyrstu undirgrein 1. og 2. mgr. þannig að orðunum „eða ekilskortið“ sé bætt við á eftir orðunum „skráningarblað“ eða „skráningarblöð“

b) Í 1. mgr.:

- Skjóta skal eftirfarandi undirgrein inn á eftir fyrstu undirgrein:

„Óski ökumaður að endurnýja ekilskort sitt skal hann sækja um það til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu, þar sem hann hefur fasta búsetu, eigi síðar en 15 virkum dögum áður en kortið fellur úr gildi.“

- Eftirfarandi fjórða undirgrein bætist við:

„Ef ekilskort er gallað, ónothæft eða týnt eða því hefur verið stolið skal ökumaðurinn, innan sjö almanaksdaga, sækja um, til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu þar sem hann hefur fasta búsetu, að því verði skipt út fyrir annað.“

c) Eftirfarandi 5. mgr. a er skotið inn:

„5a. Ökumaðurinn skal, í samræmi við I. viðauka B, færa inn í skráningarbúnaðinn tákn fyrir það land þar sem akstursdagur hans hefst og það land þar sem hann endar. Aðildarríki getur engu að síður krafist þess

að öikumenn ökutækja, sem eru í flutningum á landsvæði þess, færi auk landstáksins inn ítarlegri landfræðilega útlitun, hafi viðkomandi aðildarríki tilkynnt framkvæmdastjórninni um það fyrir 1. apríl 1998, en þó ekki fleiri en 20 atriði.

Ökumaðurinn skal sjálfur færa inn fyrrnefndar upplýsingar, annaðhvort alveg handvirkt eða sjálfvirkt ef skráningarbúnaðurinn er tengdur staðsetningarkerfi um gervihnött.“

d) Í stað orðsins „ritinn“ í upphafi fyrstu undirgreinar 6. mgr. komi „skráningarbúnaðurinn sem er skilgreindur í I. viðauka“.

e) Eftirfarandi komi í stað 7. mgr.:

„7. Hvenær sem viðurkenndur skoðunarmaður krefst þess skal ökumaður ökutækis með skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka vera við því búinn að framvísa:

- skráningarblöðum fyrir yfirstandandi viku auk, að minnsta kosti, skráningarblaðsins fyrir síðasta akstursdag næstliðinnar viku,
- ekilskorti, sé hann handhafi slíks korts, og
- útprentum úr skráningarbúnaðinum, sem er skilgreindur í I. viðauka B, sem varða þau tímabil sem um getur í a-, b-, c- og d-lið annars undirlíðar 3. mgr. hafi hann ekið ökutæki með slíkum skráningarbúnaði á því tímabili sem um getur í fyrsta undirlíð þessarar málsgreinar.

Hvenær sem viðurkenndur skoðunarmaður krefst þess skal ökumaður ökutækis með skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka B vera við því búinn að framvísa:

- ekilskorti sínu,
- skráningarblöðunum frá því tímabili sem um getur í fyrsta undirlíð undirgreinarinnar hér á undan, hafi hann á því tímabili ekið ökutæki með skráningarbúnaði í samræmi við I. viðauka.

Löggiltur skoðunarmaður getur gengið úr skugga um hvort ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 3820/85 sé fullnægt með því að skoða skráningarblöðin, upplýsingar á skjá eða í útprenti úr skráningarbúnaðinum eða af ekilskortinu eða, verði því ekki komið við, með því að skoða önnur fylgiskjöl sem renna stöðum undir að ákvæðum sé ekki fullnægt, til dæmis ákvæðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 16. gr.“

f) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„8. Lagt er bann við því að falska, fjarlægja eða eyðileggja upplýsingar sem eru skráðar á skráningarblaðið, geymdar í skráningarbúnaði eða á ekilskorti eða útprent úr skráningarbúnaði samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka B. Það sama gildir um hvers kyns breytingar á skráningarbúnaði, skráningarblöðum eða ekilskorti sem geta leitt til þess að skráðar og/eða prentaðar upplýsingar verði falsaðar, fjarlægðar eða eyðilagðar. Enginn búnaður skal vera í ökutækinu sem nota má í þessu skyni.“

9. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 16. gr.:

a) Eftirfarandi komi í stað 2. mgr.:

„2. Ef skráningarbúnaðurinn þjónar ekki hlutverki sínu eða er bilaður skal ökumaður færa inn á skráningarblaðið eða -blöðin, eða varaetakið sem skal vera fest við skráningarblaðið eða ekilskortið og honum ber að útfylla til þess að unnt sé að bera kennsl á hann (númer ekilskorts og/eða nafn og/eða númer ökuskirteinis), meðal annars rita nafn sitt, allar upplýsingar um þau tímabil sem skráningarbúnaðurinn skráir ekki lengur eða prentar út með réttum hætti.

Ef ekilskort er gallað, ónothæft eða týnt eða því hefur verið stolið skal ökumaðurinn, í lok ferðar, prenta út upplýsingar um tímabilin sem skráningarbúnaðurinn skráði og færa inn á útprentið upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á hann (númer ekilskorts og/eða nafn og/eða númer ökuskirteinis), meðal annars rita nafn sitt.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Ef ekilskort er gallað eða ónothæft skal ökumaður skila því til viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem hann hefur fasta búsetu. Sé ekilskorti stolið ber að tilkynna það með formlegum hætti til viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem þjófnaðurinn var framinn.

Týnist ekilskort ber að tilkynna það með formlegum hætti til viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem kortið var gefið út og til viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu, ef ekki er um sama yfirvald að ræða.

Ökumanni er heimilt að stunda akstur án þess að hafa ekilskort í 15 almanaksdaga að hámarki eða lengur gerist þess þörf til þess að koma ökutækinu aftur á sinn stað, með því skilyrði þó að hann geti sýnt fram á að útilokað sé fyrir hann að framvísa kortinu eða nota það á fyrrnefndu tímabili.

Ef yfirvöldin í aðildarríkinu, þar sem ökumaðurinn hefur fasta búsetu, eru önnur en þau sem gáfu kort hans út og berist þeim síðarnefndu beiðni um að endurnýja ökokortið, útvega annað í stað þess eða skipta því út skulu þau gera yfirvöldunum, sem gáfu gamla kortið út, nákvæma grein fyrir ástæðum þess að það er endurnýjað, annað útvegað í stað þess eða því skipt út.“

10. Eftirfarandi komi í stað 17. gr.:

„17. gr.

1. Samþykkinga skal nauðsynlegar breytingar til að laga viðaukana að tækni framförum í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

2. Samþykkinga ber tækniforskriftir viðvíkjandi eftirfarandi liðum I. viðauka B eins fljótt og auðið er og, sé þess nokkur kostur, fyrir 1. júlí 1998 í samræmi við sömu málsmeðferð:

a) í II. kafla

- 17. undirlið í d-lið: upplýsingum á skjá eða í útprenti um galla í skráningarbúnaðinum,
- 18. undirlið í d-lið: upplýsingum á skjá eða í útprenti um galla í ekilskortinu,
- 21. undirlið í d-lið: yfirlitsskýrslum á skjá eða í útprenti,

b) í III. kafla

- undirlið 6.3 í a-lið: stöðlum um varnir gegn rafmagnstruflunum og segulsviðum í rafeindabúnaði ökutækja,
- undirlið 6.5 í a-lið: vörnum (öryggi) kerfisins í heild,
- 1. undirlið í c-lið: viðvörunarmerkjum sem benda til bilunar í skráningarbúnaðinum,
- 5. undirlið í c-lið: formi viðvörunarmerkja,
- f-lið: hámarksbilanapoli;

c) í IV. kafla A:

- 4. lið: stöðlum,
 - 5. lið: öryggi, meðal annars upplýsingavernd,
 - 6. lið: hitasviði,
 - 8. lið: rafmagnseiginleikum,
 - 9. lið: röklegri uppbyggingu ekilskortsins,
 - 10. lið: hlutverkum og skipunum,
 - 11. lið: grunnskram;
- og í IV. kafla B;

d) í V. kafla:

prentara og stöðluðum útprentunum.“

11. Eftirfarandi komi í stað 18. gr.:

„18. gr.

1. Þegar vísað er til málsmeðferðinnar sem mælt er fyrir um í þessari grein skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkinga að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkinga fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álitnið, ber

framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.“

12. I. viðauka B er hér með bætt við eins og hann kemur fyrir í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

1. a) Að 24 mánuðum liðnum frá því að gerðin, sem samþykkja ber samkvæmt 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* skulu ökutæki, sem eru tekin í notkun í fyrsta sinn, vera með skráningarbúnaði sem er í samræmi við kröfur I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85.
 - b) Ökutæki til folksflutninga með fleiri en átta sætum fyrir utan sæti ökumanns og leyfilega hámarksþyngd yfir 10 tonn og einnig ökutæki til vöruflutninga með leyfilega hámarksþyngd yfir 12 tonn, sem eru skráð í fyrsta sinn frá og með 1. janúar 1996, skulu, frá og með þeim degi sem ákvæði a-liðar öðlast gildi og að svo miklu leyti sem merkjasendingar til skráningarbúnaðar þeirra eru alfarið rafrænar, fullnægja kröfum samkvæmt I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 þegar umræddum búnaði er skipt út.
2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þau geti gefið út ekilskort eigi síðar en 21 mánuði eftir birtingardag gerðarinnar sem um getur í a-lið 1. mgr.
 3. Hafi tiltekinn skráningarbúnaður, sem er í samræmi við kröfur I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, ekki fengið EB-gerðarviðurkenningu 12 mánuðum eftir birtingardag gerðarinnar, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin senda ráðinu tillögu um framlengingu frestsins sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr.
 4. Ökumenn, sem fyrir dagsetninguna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., aka ökutækjum sem í er skráningarbúnaður í samræmi við kröfur I. viðauka B við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 og viðkomandi lögbær yfirvöld hafa ekki enn getað gefið út ekilskort fyrir, skulu í lok akstursdags prenta út upplýsingar um tímabilin sem skráningarbúnaðurinn skráði og færa inn á útprentið auðkenni sín (nafn og númer ökuskirteinis) og rita nafn sitt undir.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð 88/599/EBE:

1. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 3. gr.:

„2. Atriði sem vegaeftirlit tekur til eru:

- dagleg akstur tímabil, hlé og daglegur hvíldartími og einnig, ef skýrar vísbendingar eru um að akstur tími sé óreglulegur, skráningarblöð undanfárinna daga sem eiga að vera í ökutækinu í samræmi við 7. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með reglugerð (EB) nr. 2135/98(*), og/eða upplýsingar sem eru geymdar fyrir sama tímabil á ekilskortinu og/eða í minni skráningarbúnaðarins sem er í samræmi við I. viðauka B,
- að því er varðar tímabilið, sem um getur í 7. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, þau tilvik þegar ökutækinu er ekið hraðar en leyfilegt er, sem eru skilgreind sem þau tímabil, yfir eina mínútu að lengd, þar sem hraði ökutækisins fer yfir 90 km/klst., að því er varðar ökutæki í flokki N₃, eða 105 km/klst., að því er varðar ökutæki í flokki M₃ (flokkar N₃ og M₃ eru skilgreindir í I. viðauka við tilskipun 70/156/EBE)(**),
- eftir því sem við á, andartakshraði sem ökutækið nær og skráningarbúnaðurinn nemur næstliðnar 24 klukkustundir sem ökutækið var í notkun,
- síðasti vikulegur hvíldartími, þar sem það á við,
- að skráningarbúnaður starfi rétt (athugun á því hvort búnaðurinn og/eða ekilskortið og/eða skráningarblöðin hafi verið misnotuð) eða, eftir atvikum, að þau skjöl, sem um getur í 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/85, séu fyrir hendi.

(*) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98 frá 24. september 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og tilskipun 88/599/EBE um framkvæmd reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 (Stjtið. EB L 274, 9.10.1998, bls. 1).

(**) Tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/27/EB (Stjtið. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1).“

2. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 4. gr.:

4. gr.

„3. Að því er varðar þessa grein hefur eftirlit lögbærra yfirvalda, sem fer fram á athafnasvæði þeirra á grundvelli viðeigandi skjala og/eða upplýsinga sem fyrirtæki láta í té að beiðni yfirvaldanna, sama gildi og eftirlit sem framkvæmt er á athafnasvæðum fyrirtækja.“

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FARNLEITNER

forseti.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKIB

KRÖFUR UM SMÍÐI, PRÓFUN, UPPSETNINGU OG EFTIRLIT

I. SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er skilgreining eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) **Skráningarbúnaður:**

Allur tækjabúnaður sem er ætlaður til uppsetningar í ökutæki á vegum til að sýna, skrá og geyma, sjálfvirkt eða hálf-sjálfvirkt, upplýsingar um akstur þessara ökutækja og tiltekin vinnutímabil ökumanna þeirra. Þessi búnaður samanstendur af leiðslum, skynjurum, rafeindatæki sem skráir upplýsingar um ökumann, einum (tveimur) kortaaflesara (aflesurum) sem unnt er að setja í eitt eða tvö gagnakort ökumanns, innbyggðum eða sérstökum prentara, vísitækjum, búnaði til að flytja niður upplýsingaminni, búnaði til að birta eða prenta út upplýsingar eftir óskum og búnaði til þess að færa inn staðina þar sem akstursdagur hefst og endar.

b) **Upplýsingaminni:**

Rafrænt geymslukerfi, innbyggt í skráningarbúnaðinn, sem getur tekið frá honum og geymt að minnsta kosti 365 almanaksdaga. Vernda ber minnið með þeim hætti að aðgangur að upplýsingum og breytingar á þeim í heimildarleysi séu útilokuð og tilraunir í þá átt uppgötvist.

c) **Ekilskort (með minni):**

Laus tækjabúnaður til þess að yfirfæra og geyma upplýsingar sem aðildarríkin láta hverjum og einum ökumanni í té til þess að unnt sé að bera kennsl á hann og geyma mikilvægar upplýsingar. Snið og tækniforskriftir ekilskortsins (með minni) skulu vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. kafla þessa viðauka.

d) **Fasti skráningarbúnaðarins:**

Tölugildi sem segir til um gildi nauðsynlegs ílagsmerkis til að sýna og skrá hverja eins kílómetra vegalengd sem er ekin. Þessi fasti skal annaðhvort gefinn upp í snúningum á kílómetra ($k = \dots \text{snún}/\text{km}$) eða púlsum á kílómetra ($k = \dots \text{púls}/\text{km}$).

e) **Einkennisstuðull ökutækis:**

Tölugildi sem segir til um gildi frálagsmerkis frá þeim hluta ökutækisins sem tengdur er við skráningarbúnaðinn (annaðhvort drifskrafti eða ás) á meðan ökutækið fer eins kílómetra vegalengd við eðlileg prófunarskilyrði (sjá e-lið VII. kafla). Einkennisstuðullinn er annaðhvort gefinn upp í snúningum á kílómetra ($w = \dots \text{snún}/\text{km}$) eða púlsum á kílómetra ($w = \dots \text{púls}/\text{km}$).

f) **Virkt ummál hjólbarða:**

Ekin meðalvegalengd sérhvers hjóls, sem flytur ökutækið (drifhjól), á einum heilum snúningi. Þessar vegalengdir skal mæla við eðlileg prófunarskilyrði (sjá e-lið VII. kafla) og sýna á eftirfarandi hátt: „I = ... mm“, ef það á við er heimilt að byggja mælingu fyrirnefndra vegalengda á fræðilegum útreikningi þar sem tekið er mið af dreifingu leyfilegs hámarksþunga á ásana.

g) **Kort prófunarstöðvar:**

Laus búnaður til þess að yfirfæra og geyma upplýsingar sem eru notaðar í kortaaflesara skráningarbúnaðarins og yfirvöld í aðildarríkjunum láta þeim stofnunum í té sem þau veita umboð. Kort prófunarstöðvar gerir kleift að bera kennsl á viðkomandi stofnun og prófa, kvarða og forrita skráningarbúnaðinn.

h) **Stýrikort:**

Laus búnaður til þess að yfirfæra og geyma upplýsingar sem er notaður í kortaaflesara skráningarbúnaðarins og yfirvöld í aðildarríkjunum láta lögbærum stofnunum í té til þess að þau geti fengið aðgang að upplýsingum, sem eru geymdar í upplýsingaminninu eða ekilskortunum, í því augnamiði að lesa þær, prenta og/eða flytja niður.

i) **Upplýsingakort fyrirtækis:**

Laus búnaður til þess að yfirfæra og geyma upplýsingar sem yfirvöld í aðildarríkjunum láta eiganda ökutækja með skráningarbúnaði í té.

Upplýsingakort fyrirtækis gerir kleift að birta, flytja niður og prenta út upplýsingar sem eru geymdar í skráningarbúnaði sem er komið fyrir í ökutæki eða ökutækjum viðkomandi fyrirtækis.

j) **Almanaksdagur:**

Sólarhringurinn frá klukkan 00.00 til klukkan 24.00. Allir almanaksdagar miðast við samræmdan heimstíma (UTC).

k) **Niðurflutningur upplýsinga:**

Afrit af hluta upplýsinga eða öllum upplýsingum sem eru geymdar í upplýsingaminni ökutækis eða minni ekilskorts.

Niðurflutningur má ekki breyta geymdum upplýsingum eða valda því að þær þurrkist út.

Niðurfluttar upplýsingar eru verndaðar með þeim hætti að unnt er að greina tilraunir til þess að breyta upplýsingum. Unnt skal vera að færa sönnur á uppruna niðurfluttra upplýsinga.

Niðurfluttar upplýsingar eru geymdar með því sniði sem allir, sem hafa til þess umboð, geta notað.

l) **Auðgreining ökutækis:**

Tala sem segir deili á ökutækinu á grundvelli kenninúmers þess og/eða skráningarnúmers.

II. ALMENNIR EIGINLEIKAR OG HLUTVERK SKRÁNINGARBÚNAÐAR

Skráningarbúnaðurinn skal geta skráð, geymt, birt og prentað út eftirfarandi:

a) **að því er varðar skráningu og geymslu í upplýsingaminni**

1. ekna vegalengd ökutækis með eins kílómetra nákvæmni;
2. hraða ökutækis:
 - 2.1. andartakshraða ökutækisins, þar sem mælitíðni er 1 s næstliðnar 24 klukkustundir sem ökutækið var notað;

- 2.2. tímabil þegar ökutækinu er ekið hraðar en leyfilegt er, sem er skilgreint sem það tímabil yfir eina mínútu að lengd þar sem hraði ökutækisins fer yfir 90 km/klst, að því er varðar ökutæki í flokki N₃, eða 105 km/klst, að því er varðar ökutæki í flokki M₃ (þar sem fram kemur tími, dagsetning, mesti hraði og meðalhraði á því tímabili sem um ræðir);
3. aksturstímabil (tíma og dagsetningar) með einnar mínútu nákvæmni;
4. annan vinnutíma eða viðverutíma (tíma og dagsetningar) með einnar mínútu nákvæmni;
5. hlé frá vinnu og daglegan hvíldartíma (tíma og dagsetningar) með einnar mínútu nákvæmni;
6. þegar um er að ræða rafrænan skráningarbúnað sem er stýrt með rafmagnsmerkjum frá veglengdar- og hraðanema, rof á straumi til skráningarbúnaðarins (að lýsingu undanskilinni) sem er yfir 100 millisekúndur, á straumi til veglengdar- og hraðanemans og truflun í merkjaleiðslu til veglengdar- og hraðanemans, þar sem koma fram dagsetning, tími, tímalengd og útgáfunúmer ekilskorts;
7. útgáfunúmer ekilskorts ásamt tíma og dagsetningu þegar það er sett í og tekið út;
8. að því er varðar sérhvert ekilskort sem er sett í í fyrsta sinn eftir að hafa verið notað í öðrum hluta skráningarbúnaðar:
 - aksturstíma frá síðasta hléi eða hvíldartíma,
 - aksturstíma daginn eftir síðasta hvíldartíma sem er að minnsta kosti átta klukkustundir,
 - aksturstíma daginn milli tveggja hvíldartíma sem eru að minnsta kosti átta klukkustundir að því er varðar næstliðna 27 almanaksdaga, þar sem koma fram dagsetning, tími og tímalengd,
 - samanlagðan aksturstíma yfirstandandi viku og næstliðinnar viku og samanlagðan aksturstíma næstliðinna tveggja heilla vikna,
 - hvíldartímabil, sem ná að minnsta kosti átta klukkustundum, þann dag sem um er að ræða og næstliðna 27 almanaksdaga, þar sem í hverju tilviki koma fram dagsetning, tími og tímalengd,
 - skráningarnúmer þeirra ökutækja sem er ekið;
9. dagsetningu, tíma og tímalengd aksturs án ísetts eða virks ekilskorts;
10. upplýsingar skráðar á þeim stöðum þar sem akstursdagur hófst og endaði;
11. kerfisbilanir í skráningarbúnaðinum, staðfestar með sjálfvirkum hætti, þar sem koma fram dagsetning, tími og útgáfunúmer ekilskorts;
12. galla í ekilskorti, þar sem koma fram dagsetning, tími og útgáfunúmer ekilskorts;
13. númer verkstæðiskorts viðurkenndrar ísetningarstofu eða verkstæðis, þar sem kemur fram að minnsta kosti hvenær síðasta skoðun uppsetningar skráningarbúnaðarins og/eða reglubundið eftirlit með honum fór fram í samræmi við c- og d-lið VII. kafla;
14. númer stýrikorts, þar sem kemur fram hvenær stýrikortið var ísett og um hvers konar stýringu er að ræða (birtingu, útprentun, niðurflutning). Þegar um er að ræða niðurflutning ber að skrá tímabilið sem er flutt niður;

15. tímastilling, þar sem koma fram dagsetning, tími og útgáfunúmer korts;
16. akstursstöðu (einn ökumaður/áhöfn - ökumaður/aðstoðarökumaður);

b) **að því er varðar geymslu á ekilskorti**

1. mikilvægustu upplýsingar að því er varðar tímabilin sem eru talin upp í 3., 4. og 5. undirlið a-liðar, að minnsta kosti fyrir 28 síðustu almanaksdaga, ásamt skráningarnúmeri ökutækisins sem er ekið og upplýsingarnar sem um getur í 10., 14. og 16. undirlið a-liðar;
2. atvik og bilanir samkvæmt 6., 11 og 15. undirlið a-liðar ásamt skráningarnúmeri ökutækisins sem er ekið;
 - 2.1. dagsetningu og tíma þegar ekilskortið er sett í og tekið út og ekin vegalengd á því tímabili sem um er að ræða;
 - 2.2. dagsetningu og tíma þegar ekilskort aðstoðarökumanns er sett í og tekið út ásamt útgáfunúmeri;
3. upplýsingar ber að skrá og geyma á ekilskortinu þannig að útilokað sé að fölsun eigi sér stað;

c) **að því er varðar skráningu og geymslu þegar um er að ræða tvo ökumenn**

þegar um er að ræða ökutæki, sem tveir ökumenn nota, ber að skrá og geyma ökutíma, sem eru taldir upp í 3. undirlið a-liðar, á ekilskorti þess ökumanns sem ekur ökutækinu. Búnaðurinn skal skrá og geyma upplýsingarnar, sem um getur í 4. og 5. undirlið a-liðar, í upplýsingaminninu og á ekilskortunum tveimur samtímis en aðskilið;

d) **að því er varðar birtingu eða útprentun að beiðni viðurkennds notanda**

1. útgáfunúmer ekilskorts og hvenær það fellur úr gildi;
2. kenninafn og eiginnafn þess ökumanns sem er handhafi kortsins;
3. akstur tíma frá síðasta hléi eða hvíldartíma;
4. akstur tíma daginn eftir síðasta hvíldartíma sem er að minnsta kosti átta klukkustundir;
5. akstur tíma daginn milli tveggja hvíldartíma, sem ná að minnsta kosti átta klukkustundum, næstliðna 27 almanaksdaga sem ökumaðurinn hefur ekið, þar sem koma fram dagsetning, tími og tímalengd;
6. samanlagðan akstur tíma yfirstandandi viku og næstliðinnar viku og samanlagðan akstur tíma næstliðinna tveggja heilla;
7. annan vinnutíma eða viðverutíma;
8. hvíldartíma, sem ná að minnsta kosti átta klukkustundum, þann dag sem um er að ræða og næstliðna 27 almanaksdaga, þar sem í hverju tilviki koma fram dagsetning, tími og tímalengd;
9. skráningarnúmer þeirra ökutækja sem ökumaðurinn hefur ekið að minnsta kosti síðustu 28 almanaksdaga ásamt ekinni vegalengd í hverju ökutæki hvern dag, hvenær ekilskortið var sett í í fyrsta sinn og síðast tekið út og hvenær skipt var um ökutæki;
10. tímastillingu, þar sem koma fram dagsetning, tími og útgáfunúmer korts;

11. rof á straumi til skráningarbúnaðarins, ásamt dagsetningu, tíma, tímalengd og útgáfunúmeri ekilskorts (samanber skilgreiningu í 6. undirlið a-liðar);
12. sambandsleysi milli nema og ökutækis, þar sem koma fram dagsetning, tími, tímalengd og útgáfunúmer ekilskorts (samanber skilgreiningu í 6. undirlið a-liðar);
13. kenninúmer og/eða skráningarnúmer ökutækisins sem er ekið;
14. akstur án ekilskorts, samanber skilgreiningu í 9. undirlið a-liðar, að minnsta kosti næstliðna 28 almanaksdaga;
15. upplýsingar geymdar um ökumanninn (samanber skilgreiningu í c-lið);
16. skráðar upplýsingar um þá staði þar sem akstursdagur hófst og endaði;
17. kerfisbilanir í skráningarbúnaðinum, staðfesta r með sjálfvirkum hætti, þar sem koma fram dagsetning, tími og útgáfunúmer ekilskorts;
18. galla í ekilskorti, þar sem koma fram dagsetning, tími og útgáfunúmer ekilskorts;
19. númer stýrikorts, þar sem kemur fram hvenær stýrikortið var ísett og um hvers konar stýringu er að ræða (birtingu, útprentun, niðurflutning). Þegar um er að ræða niðurflutning ber að skrá tímabilið sem er flutt niður;
20. tímabil þar sem ekið er yfir leyfilegum hámarkshraða, samanber skilgreiningu í undirlið 2.2 í a-lið, þar sem koma fram dagsetning, tími og útgáfunúmer ekilskorts fyrir yfirstandandi viku og ávallt að meðtöldum síðasta degi vikunnar þar á undan;
21. yfirlitsskýrslur sem gera kleift að ganga úr skugga um hvort ákvæðum reglugerða (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 og tilskipunar 88/599/EBE sé hlítt.

III. KRÖFUR UM SMÍÐI OG VIRKNI SKRÁNINGARBÚNAÐAR

a) Almenn atriði

- 1.1. Tæki, eitt eða fleiri og hvort sem það eða þau eru viðurkennd eða ekki, sem er komið fyrir í skráningarbúnaðinum eða tengd við hann, skulu ekki koma í veg fyrir, eða geta komið í veg fyrir, að skráningarbúnaðurinn starfi eðlilega. Leggja ber skráningarbúnaðinn fram til viðurkenningar með öllum slíkum tækjum.
- 1.2. Skráningarbúnaðurinn skal geta starfað eðlilega við öll venjuleg veðurskilyrði á landsvæði bandalagsins.
2. *Efni*
 - 2.1. Allir uppistöðuhlutar skráningarbúnaðarins skulu gerðir úr nægilega varanlegu og sterku efni sem er gætt stöðugum raf- og seguleiginleikum.
 - 2.2. Allar breytingar á uppistöðuhluta búnaðarins eða á eðli þess efnis, sem er notað við framleiðslu hans, skulu, áður en notkun hefst, hljóta samþykki þess yfirvalds sem veitti gerðarviðurkenninguna fyrir skráningarbúnaðinn.

3. *Mæling á ekinni vegalengd*

Hægt er að mæla og skrá ekna vegalengd annaðhvort:

- við akstur áfram og afturábak, eða
- eingöngu akstur áfram.

Skráning á akstri afturábak má á engan hátt hafa áhrif á skýrleika og nákvæmni annarra skráninga.

4. *Hraðamæling*

- 4.1. Hraðamælisvið skal vera svo sem kveðið er á um í gerðarviðurkenningarvottorðinu.
- 4.2. Eigin tíðni og deyfing mælitækisins skal vera þannig að tækin, sem sýna og skrá hraðann, geti innan mælisviðsins fylgt hröðunarbreytingum upp í allt að 2 m/s², innan viðurkenndra vikmarka.

5. *Tímamæling (klukka)*

Tíminn er táknaður stafrænt. Stilling fer fram (ef nauðsyn krefur) á viðurkenndu verkstæði. Tími innri klukku er samræmdur heimstími. Ökumaður getur breytt þeim tíma sem er sýndur á skjánum.

- 5.1. Timamæling fer fram með sjálfvirkum hætti í skráningarbúnaðinum.
- 5.2. Einungis er unnt að stilla klukkuna í minninu með því að setja inn kort viðurkennds verkstæðis.

6. *Lýsing og vörn*

- 6.1. Aflestrartæki búnaðarins skulu vera með hæfilega lýsingu sem blindar ekki.
- 6.2. Við eðlileg notkunarskilyrði skulu allir innri hlutar búnaðarins varðir gegn raka og ryki. Að auki skulu þeir hafðir í hlífum sem unnt er að innsigla svo ekki sé hægt að hrófla við þeim.
- 6.3. Varnir gegn rafmagnstruflunum og segulsviðum skulu tryggðar í samræmi við staðla sem gilda um rafeindatækni í ökutækjum.
- 6.4. Leiðslur, sem tengja skráningarbúnaðinn við sendinn, skulu varðar með rafrænum eftirlitsbúnaði, svo sem merkjadulritunarbúnaði, sem getur greint tilvist annarra tækja í viðkomandi hluta kerfisins sem ekki teljast nauðsynleg til að skráningarbúnaðurinn virki rétt og geta, þegar þau eru tengd og tekin í notkun, hindrað rétta virkni skráningarbúnaðarins með skammhlaupum, truflunum eða breytingum á rafrænum upplýsingum frá hraða- og veglengdarnemanum eða með því að tvöfalda önnur viðurkennd tæki.
- 6.5. Kerfið í heild, þar með taldar tengingar við hraða- og veglengdarnemann, skal vera þannig að ekki sé hægt að hrófla við því.
- 6.6. Skráningarbúnaðurinn verður að finna bilanir með sjálfvirkum hætti.

b) **Aflestrartæki**

Ábendingar skulu vera sýnilegar utan á skráningarbúnaðinum og skal vera unnt að lesa af honum á öruggan, auðveldan og ótvíræðan hátt, einnig ef ökumenn eru tveir.

Á vísitækinu á að vera hægt að birta upplýsingarnar, sem um getur í d-lið II. kafla, sé þess óskað, með valvisum eða raðbundnum hætti.

c) Viðvörðunarkerki

1. Viðvörðun, sem ökumaður fær í að minnsta kosti 30 sekúndur, ef ökutækinu er ekið:
 - án þess að ekilskortið sé ísett,
 - með ónothæfu korti,
 - með ekilskortið í rangri rauf,
 - eftir að skráningarbúnaðurinn hefur fundið eitt eða fleiri tilvik um innri bilun, einkum þau sem um getur í 17. og 18. undirlið d-liðar II. kafla,
 - yfir þeim hraðamörkum sem eru skilgreind í undirlið 2.2 í a-lið II. kafla.
2. Viðvörðun sem ökumaður fær, áður en hann hefur ekið lengur en fjóra og hálf klukkustund á hverju aksturstímabili og níu klukkustundir á einum degi, 15 mínútum áður en og þegar farið er yfir mörkin.
3. Viðvörðun sem ökumaður fær 15 mínútum áður en og þegar hann lætur hjá líða að virða tilskilinn átta klukkustunda daglegan hvíldartíma á síðustu 24 klukkustundum.
4. Heimilt er að koma fyrir viðbótarviðvörðunum að beiðni eiganda ökutækis.
5. *Fyrirkomulag viðvarana*

Viðvaranir geta verið heyrnlegar eða sýnilegar, eða sambland af þessu tvennu, og skulu vera greinilega merkjanlegar fyrir notandann.

d) Minni

1. Tímabilin, sem um getur í 3., 4. og 5. undirlið a-liðar II. kafla, skulu flutt í geymslu í hvert skipti sem breyting verður á starfsemi eða stöðu.
2. Upplýsingar um aksturstímabil skal ávallt geyma með sjálfvirkum hætti þegar ökutækið er á hreyfingu.
3. Upplýsingar um önnur tímabil, sem um getur í b-, c- og d-lið annars undirliðar 3. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar, skal ávallt geyma sér, ef nauðsyn krefur með tæki sem getur greint á milli þeirrar starfsemi sem fer fram.

e) Merkingar

1. Eftirfarandi áletranir skulu vera framan á tækjum skráningarbúnaðarins:
 - mælieiningin fyrir vegalengdina, nálægt tölunni sem sýnir vegalengd, tilgreind með skammstöfuninni „km“,
 - áletrunin „km/klst.“, nálægt tölunni sem sýnir hraðann.
2. Merkiplatan skal vera sýnileg á skráningarbúnaðinum og á henni skulu vera eftirfarandi áletranir:
 - nafn og heimilisfang framleiðanda búnaðarins,
 - númer framleiðanda og framleiðsluár búnaðarins,

- viðurkenningarmerki fyrir gerð skráningarbúnaðarins,
- fasti skráningarbúnaðarins, gefinn upp sem „k = ... snún/km“ eða „k = ... púls/km“,
- hraðamælisvið, valfrjálst, gefið upp eins og tilgreint er í 1. lið,

Einnig er unnt að sýna þessar upplýsingar í skráningarbúnaðinum sé þess óskað.

f) **Hæstu vikmörk (vísitæki og skráningartæki)**

1. Hæstu vikmörk eiga við um ekna vegalengd, hraða og tíma og eru mæld með aflmæli fyrir uppsetningu og, við þær aðstæður sem um getur í VII. kafla, við uppsetningu, þegar reglulegt eftirlit fer fram og samhliða notkun.
2. Hæstu vikmörk, sem um getur í 1. mgr., gilda um hæsta og lágsta hitastig við öll venjuleg veðurskilyrði á landsvæði bandalagsins.

IV. KORT MEÐ MINNI

A. EKILSKORT (MEÐ MINNI)

1. **Ísetning/burttaka**

Hanna ber skráningarbúnaðinn með þeim hætti að ekilskortið (með minni) fari í læsta stöðu þegar það er sett í kortaaflesarann með réttum hætti og að viðeigandi upplýsingar af ekilskorti flytjist í geymslu með sjálfvirkum hætti í upplýsingaminni skráningarbúnaðarins. Einungis skal vera unnt að losa ekilskortið þegar ökutækið er í kyrrstöðu og eftir að viðeigandi upplýsingar hafa flust í geymslu á ekilskortinu.

2. **Minnisrýmd ekilskortsins**

Ekilskortið skal rúma upplýsingarnar, sem um getur í c-lið II. kafla, og ná til að minnsta kosti 28 almanaksdaga um viðkomandi ökumann. Fyllist upplýsingakortið koma nýjar upplýsingar í stað þeirra elstu.

3. **Sýnilegar upplýsingar**

Eftirfarandi skal koma fram á 1. bls.:

- a) orðið „ekilskort“ prentað hástöfum á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem gefur kortið út;

„Ekilskort“ á öðrum opinberum tungumálum bandalagsins, prentað með þeim hætti að orðið myndar bakgrunn kortsins:

es: TARJETA DEL CONDUCTOR

dk: FØRERKORT

de: FAHRERKARTE

el: ΚΑΡΤΑ ΟΔΗΓΟΥ

en: DRIVER CARD

fr:	CARTE DE CONDUCTEUR
ga:	CÁRTA TIOMÁNAÍ
it:	CARTA DEL CONDUCENTE
nl:	BESTUURDERSKAART
pt:	CARTÃO DE CONDUTOR
fi:	KULJETTAJAKORTTI
sv:	FÖRARKORT;

- b) heiti aðildarríkisins sem gefur kortið út (valfrjálst);
- c) auðkenni aðildarríkjanna, sem gefa kortið út, prentað sem negatífa í bláum rétthyrningi og umlukin 12 gulum stjörnum sem mynda hring; auðkennin skulu vera eftirfarandi:

B	Belgía
DK	Danmörk
D	Þýskaland
GR	Grikkland
E	Spánn
F	Frakkland
IRL	Írland
I	Ítalía
L	Lúxemborg
NL	Holland
A	Austurríki
P	Portúgal
FIN	Finnland
S	Svíþjóð
UK	Breska konungsríkið

- d) upplýsingar sem lúta sérstaklega að útgefnu korti, í þessari röð:

1. kenninafn korthafa;
2. eiginnaafn eða -nöfn korthafa;
3. fæðingardagur og -staður;

4. a) útgáfudagur kortsins;
- b) hvenær kortið fellur úr gildi;
- c) heiti útgáfufyrivalds (heimilt að prenta á 2. bls.);
- d) af stjórnsýslulegum ástæðum, annað númer en það sem kemur fram í 5. lið (valfrjálst);
5. a) númer ökuskirteinis, þar með talið númer annars korts sem er gefið út í stað þess fyrrnefnda;
- b) útgáfunúmer ekilskorts, þar með talin raðtala annars korts sem er gefið út í stað þess fyrrnefnda;
6. ljósmynd af korthafa;
7. undirskrift korthafa;
8. hvar korthafi hefur fasta búsetu eða pósthaf hans (valfrjálst).


Upplýsingarnar, sem um getur í 1., 2. og 3. lið, b-lið 4. liðar og a- og b-lið 5. liðar, verða einnig geymdar í minni ekilskortsins.

Eftirfarandi skal koma fram á 2. bls.:

- a) skýring á númeruðu liðunum sem eru á 1. og 2. bls. kortsins;
- b) einnig má með sérstöku skriflegu samkomulagi við korthafa bæta við upplýsingum sem tengjast ekki umsýslu ekilskortsins; viðbót sem þessi skal ekki á neinn hátt breyta notkun fyrirmyndarinnar sem ekilskorts.

FYRIRMYND AÐ EKILSKORTI BANDALAGSINS

1. bls.




EKILSKORT

- 1.
- 2.
- 3.
- 4a. 4c.
- 4b. (4d.)
- 5a.
- 5b.
- 7.

(8.)

ADILDARRÍKI

6. 


2. bls.

1. Kenn nafn
2. Eiginnafn
3. Fæðingard. og -staður
- 4a. Útgáfudagur korts
- 4b. Rennur út skv. stjórnsýsluákvörðun
- 4c. Útgáfufyrivald
- (4d.) Númer vegna innlestrar stjórnsýslu
- 5a. Númer ökuskirteinis
- 5b. Númer ekilskorts
6. Ljósmynd
7. Undirskrift
- (8.) Heimilisfang

Endursendist til:

HEITI YFIRVALDS OG HEIMILISFANG

SÝNISHORN AF FYRIRMYND AÐ EKILSKORTI BANDALAGSINS: BELGÍSKT KORT
(Til upplýsingar)





BESTUURDESKAART

1. Ruyter
2. Georges
3. 01.04.73 Milano
- 4a. 01.07.98 4c. B-9000 Gent
- 4b. 30.06.03
- 5a. DA 003 360
- 5b. 11 ABC 334455
- 7.

G. Ruyter

KONINKRIJK BELGIË

6. FOTO 




CARTE DE CONDUCTEUR

1. Jeanneaux
2. Herald
3. 01.03.74 B-7000 Mons
- 4a. 01.09.98 4c. B-1180 Uccle
- 4b. 30.08.03
- 5a. DA 004 380
- 5b. 11 ABD 223344
- 7.

H. Jeanneaux

ROYAUME DE BELGIQUE

6. PHOTO 

4. Staðlar

Ekilskortið og skráningarbúnaðurinn skulu vera í samræmi við eftirtalda staðla:

- ISO 7810,
- ISO 7816-1,
- ISO 7816-2,
- ISO 7816-3,
- frumvarp að ISO 7816-4,
- frumvarp að ISO 10373,
- ítarlegar virkniforskriftir, skilgreindar í tengslum við auðkenniskortakerfi sem er notað í land- og sjóflutningum.

5. Öryggi, þar með talin vernd upplýsinga

Hinum ýmsu íhlutum ekilskortsins er ætlað að útiloka hvers kyns fölsun eða breytingar og að koma upp um tilraunir í þá átt.

6. Hitasvið

Ekilskortið skal virka rétt við öll venjuleg veðurskilyrði á landsvæði bandalagsins.

7. Ending

Kortið skal virka rétt í fimm ár, að því gefnu að það sé notað í samræmi við forskriftir sem gilda um umhverfi og rafmagn.

8. Rafmagnseiginleikar

Rafmagnseiginleikar kortsins skulu vera í samræmi við forskriftir sem gilda um rafeindatæki í ökutækjum.

9. Rökleg uppbygging ekilskortsins

Rökleg uppbygging ekilskortsins skal vera með þeim hætti að tryggt sé að það virki rétt og að það sé samhæft öllum skráningarbúnaði sem er í samræmi við þennan viðauka.

10. Hlutverk og skipanir

Hlutverk og skipanir kortsins skulu gilda um öll hlutverk sem um getur í c-lið I. kafla og b-lið II. kafla.

11. Grunnskrár

Forskriftir fyrir grunnskrár skulu vera innan ramma staðlanna sem um getur í 4. lið.

12. Sérákvæði

Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina er aðildarríkjunum heimilt að bæta við litum eða merkjum, t.d. táknum fyrir þjóðland og öryggisatriðum, með fyrirvara um önnur ákvæði þessa viðauka.

B. KORT PRÓFUNARSTÖÐVAR (MEÐ MINNI), STÝRIKORT (MEÐ MINNI) OG UPPLÝSINGAKORT FYRIR TÆKIS (MEÐ MINNI)

Forskriftir fyrir kort prófunarstöðvar (með minni), stýrihort (með minni) og upplýsingakort fyrirtækis (með minni) skulu vera með þeim hætti að þau virki rétt þegar þau eru notuð eins og kveðið er á um í g-, h- og i-lið I. kafla og að þau séu samhæfð öllum skráningarbúnaði sem er í samræmi við þennan viðauka. Uppbygging kortanna skal vera með þeim hætti að einungis viðurkenndur notandi fái aðgang og aðeins í tengslum við þau hlutverk sem hverju korti er ætlað að þjóna.

V. PRENTARI OG STAÐLAÐAR ÚTPRENTANIR

1. Prentarar skulu hannaðir þannig að þeir prenti út upplýsingarnar, sem um getur í d-lið II. kafla, á nægilega skýran hátt til þess að þær megi lesa án hættu á misskilningi. Útprent skulu haldast auðlæsileg og þekktanleg við eðlileg geymslukilyrði í að minnsta kosti eitt ár.

Þau skulu halda réttu stærð og því sem er skráð við eðlileg raka- og hitaskilyrði.

Þá skal vera unnt að bæta handskrifuðum athugasemdum, t.d. undirskrift ökumanns, við þessi skjöl.

2. Lágmarksútprentunarköst, óháð því um hvaða form útprentunar er að ræða, skulu nægja til þess að unnt sé að prenta út upplýsingarnar sem um getur í d-lið II. kafla.

Reynist nauðsynlegt að skeyta saman nokkur útprent til þess að að auka prentunarköst skulu einstök skjöl skeytt saman með þeim hætti að upplýsingaflæði stöðvist ekki á samskeytum, sem kynni að valda því að upplýsingar yrðu rangtúlkaðar.

VI. UPPSETNING SKRÁNINGARBÚNAÐAR

a) **Uppsetning**

1. Skráningarbúnaðurinn skal varinn gegn skaða af völdum óhappa.
2. Viðurkenndum umboðsmönnum skal vera kleift að laga fasta skráningarbúnaðarins að einkennisstuðli ökutækisins með viðeigandi aðlögunarbúnaði.

Ökutæki með tveimur eða fleiri drifhlutföllum drifáss skulu vera með skiptibúnaði sem sjálfkrafa jafnar þessi mismunandi drifhlutföll að því drifhlutfalli sem er stillt í ökurita ökutækisins.

b) **Uppsetningarplata**

Eftir að búnaðurinn hefur verið skoðaður við uppsetningu skal uppsetningarplata, sem er vel sýnileg, fest á búnaðinn, í hann eða við. Eftir hverja skoðun, sem viðurkennd ísetningarstofa eða verkstæði framkvæmir, þar sem í ljós kemur að breyta þarf kvörðun sjálfs tækisins verður að setja nýja plötu í stað þeirrar sem fyrir er.

Á plötunni skulu koma fram að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:

- nafn, heimilisfang eða viðskiptaheiti viðurkenndrar ísetningarstofu eða verkstæðis,
- einkennisstuðull ökutækisins, gefinn upp sem „w = ... snún/km“ eða „w = ... púls/km“,
- virkt ummál hjólbarða gefið upp sem „l = ...mm“,

- dagurinn sem einkennisstuðull ökutækisins var ákveðinn og virkt ummál hjólbarðanna mælt,
- síðustu átta tölustafirnir í verksmíðjunúmeri ökutækisins.

c) **Innsiglan**

1. Eftirfarandi hlutar skulu innsiglaðir:
 - a) allar tengingar sem aftengdar myndu valda ógreinanlegum breytingum eða því að upplýsingar glötuðust;
 - b) lok fyrir aðgang að rásum eða tækjabúnaði enda myndi það hafa áhrif á eðlilega virkni skráningarbúnaðarins eða gera kleift að breyta eiginleikum búnaðarins í heimildarleysi ef hróflað yrði við þessum rásum eða tækjabúnaði;
 - c) uppsetningarplatan, nema hún sé fest með þeim hætti að ógerlegt sé að fjarlægja hana án þess að eyðileggja áletranir.
2. Í öllum tilvikum ber að nefna í gerðarviðurkenningarvottorðinu hvar innsiglin eru og prófa gæði þeirra, en slík prófun er liður í gerðarviðurkenningarferlinu.
3. Heimilt er að fjarlægja innsiglin sem um getur í b-lið 1. liðar:

- í neyðartilvikum,
- vegna uppsetningar, stillingar eða viðgerðar á hraðatakörkunarbúnaði eða öðrum búnaði sem stuðlar að umferðaröryggi, með því skilyrði að skráningarbúnaðurinn virki áfram örugglega og rétt og sé innsiglaður á ný á viðurkenndri ísetningarstofu eða verkstæði (í samræmi við VII. kafla) strax að lokinni uppsetningu hraðatakörkunarbúnaðarins eða annars búnaðar sem stuðlar að umferðaröryggi eða innan sjö daga í öðrum tilvikum.

Ætíð þegar fyrrnefnd innsigli eru rofin skal semja skriflega yfirlýsingu um ástæður þess, sem viðkomandi lögbært yfirvald getur fengið í hendur.

VII. EFTIRLIT OG SKOÐUN

a) **Viðurkenning prófunarstöðva (ísetningarstofa og verkstæða)**

Aðildarríkin tilnefna þá aðila sem skulu framkvæma eftirlit og skoðun.

b) **Vottun á nýjum eða viðgerðum tækjum**

Votta ber að sérhvert tæki, nýtt eða viðgert, starfi rétt og gefi nákvæmar upplýsingar við aflestur og skráningu, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í 1. lið f-liðar III. kafla, með því að innsigla það í samræmi við 1. lið c-liðar VI. kafla eða með samsvarandi stafrænum upplýsingum í upplýsingaminni skráningarbúnaðarins.

c) **Skoðun og forritun við uppsetningu**

1. Þegar skráningarbúnaðurinn er settur í ökutækið verður hann og öll uppsetningin að fylgja ákvæðum um hæstu vikmörk sem mælt er fyrir um í 2. lið f-liðar III. kafla.
2. Forrita ber skráningarbúnaðinn með eftirfarandi:
 - dagsetningu uppsetningarprófunar,

- samræmdum heimstíma (UTC),
- kenninúmeri ökutækisins og skráningarnúmeri þess,
- númeri verkstæðiskorts viðurkenndrar ísetningarstofu eða viðurkennds verkstæðis.

d) **Reglubundin skoðun**

1. Reglubundin skoðun á búnaðinum, sem er festur við ökutæki, skal fara fram eftir sérhverja viðgerð á búnaðinum eða eftir að einkennisstuðli ökutækisins eða virku ummáli hjólbarðanna hefur verið breytt eða að minnsta kosti innan tveggja ára frá því að síðasta skoðun fór fram; heimilt er að reglubundin skoðun fari fram um leið og prófanir á aksturshæfni ökutækja.

Við skoðun skal að minnsta kosti kanna:

- hvort skráningarbúnaðurinn virki eðlilega, t.d. niðurflutningur gagna til og frá verkstæðiskorti,
 - hvort samræmi sé tryggt við ákvæði 2. liðar f-liðar III. kafla um hæstu vikmörk við uppsetningu,
 - hvort skráningarbúnaðurinn sé með gerðarviðurkenningamerki,
 - hvort uppsetningarplatan sé áfest,
 - hvort innsigli á skráningarbúnaðinum og öðrum hlutum uppsetningarinnar séu órofin,
 - virkt ummál hjólbarðanna.
2. Forrita ber skráningarbúnaðinn með eftirfarandi:
 - dagsetningu reglubundinnar skoðunar,
 - samræmdum heimstíma (UTC),
 - kenninúmeri ökutækisins og skráningarnúmeri þess,
 - númeri korts viðurkennds verkstæðis.
 3. Samfara slíkri skoðun skal skipta um uppsetningarplötu eða samsvarandi stafrænar upplýsingar í upplýsingaminni skráningarbúnaðarins.

e) **Mæling á skekkjum**

Mæling á skekkjum við uppsetningu og meðan á notkun stendur skal fara fram við eftirfarandi skilyrði og teljast þau eðlileg prófunarskilyrði:

- ökutækið án hleðslu skal vera tilbúið til aksturs,
- þrýstingur í hjólbörðum skal vera í samræmi við fyrirmæli framleiðandans,
- slit á hjólbörðum skal vera innan leyfilegra marka lögum samkvæmt,

-
- hreyfing ökutækis: ökutækið skal hreyfast fram á við fyrir eigin vélarafli í beinni línu á sléttu yfirborði og á hraða sem er 50 ± 5 km/klst. Mæld vegalengd skal vera að minnsta kosti 1 000 m,
 - einnig er heimilt að nota viðeigandi aflmæli við prófunina, svo fremi að nákvæmni hans sé sambærileg.“